



Fréttabréf hjúkrunar á Landspítala

1.tbl. 2024

- Útgefandi: Ólafur G. Skúlason framkvæmdastjóri hjúkrunar á Landspítala
- Ritstjórn: Eygló Ingadóttir hjúkrunarfræðingur og verkefnastjóri
- Yfirlstur: Þorgerður Ragnarsdóttir hjúkrunarfræðingur og verkefnastjóri
- Myndir: Þorkell Þorkelsson, ljósmyndari Landspítala og fleiri

Árlega er gefið út Fréttabréf hjúkrunar á Landspítala með fréttum frá starfsemi fagráða í hjúkrun og ljósmóðurfræði og hér á eftir koma fréttir frá starfsárinu 2023 til 2024. Markmiðið með útgáfu fréttabréfsins er að tryggja að upplýsingar um þessa öflugu starfsemi séu aðgengilegar frá ári til árs.

Fagráðin eru mynduð utan um sérgreinar hjúkrunar- og ljósmóðurfræði og eru samstarfsvettvangur Landspítala og Hjúkrunarfræðideildar HÍ. Megin hlutverk þeirra er að vera vettvangur faglegrar umfjöllunar og að móta stefnu um rannsóknir, kennslu og þróun innan hjúkrunar og ljósmóðurfræði. Innan nokkurra fagráða starfa síðan mismunandi faghópar.



Fagráðin eru skipuð stjórnendum á deildum, sérfræðingum í hjúkrun, meistaramenntuðum hjúkrunarfræðingum, forstöðumönnum fræðasviða og faglegum leiðtogum í hjúkrun. Fagráðin skipa sér stjórn.

Nú eru starfandi 12 fagráð á Landspítala. Eins og sjá má á fréttabréfinu er starfsemi fagráðanna hornsteinn í faglegrri þróun í hjúkrun á spítalanum.

Með kveðju, Ólafur G. Skúlason framkvæmdastjóri hjúkrunar á Landspítala.

Fagráð barnahjúkrunar

Fagráð barnahjúkrunar fundaði reglulega á starfsárinu þar sem kynnt voru fyrir ýmis áhugaverð erindi. Meðal kynninga var innleiðing á „Farsældarlögum“ innan Barnaspítalans og á Eddu, nýju námsumhverfi spítalans. Guðrún Helga, framkvæmdarstjóri Einstakra Barna, var með erindi um einstök börn og hvað það er sem við í spítalaumhverfinu getum gert betur og Aðalbjörg Stefanía Helgadóttir, doktorsnemi og hjúkrunarfræðingur á Vökudeildinni hélt svo erindið “Það sem ég hef lært á 18 jólum”.

Fagráðið kom einnig [að þverfaglegu málþingi um aðferðir til að draga úr sársauka og kvíða barna við inngrip tengd meðferð](#). Uppselt var á málþingið sem haldið var í fyrirlesttrasal Decode og þótti það heppnast mjög vel.

Önnur helstu verkefni vetrarins voru gerð sérhæfðra hæfniviðmiða á barnasviði og námskeið þar sem hjúkrunarfræðingar og lækningar Barnaspítalans fengu alþjóðleg kennsluréttindi í „NEW born live support“ námskeiðinu og munu í framhaldinu sjá um kennslu á því sviði á spítalanum.

BUGL lagði áherslu á menntun í díalektískri atferlismeðferð (DAM-meðferð) sem var innleidd á deildinni. Einnig var unnið að úrbótum í bráðapjónustu (bráðateymi), og hjá átröskunar- og transteymi, sem og að vinna að frekari úrbótum á þjónustu við skjólstaðinga BUGL. Haldnar voru tvær ráðstefnur, „Fjölskyldan og barnið“ og ráðstefna BUGL þar sem „Trans“ var aðal umfjöllunarefnið.



Mannauður

Síðastliðið starfsár bættist einn sérfræðingur í hjúkrun við þá sem fyrir voru, en það var Bergljót Steinarsdóttir sem starfar á göngudeild BH. Sérfræðingar í hjúkrun eru því orðnir 12. Á sviðinu voru 10 hjúkrunarfræðingar í meistaranámi og fimm voru í starfsnámi til sérfræðings í hjúkrun, þar af útskrifuðust þrír.

Rannsóknir

Helstu rannsóknarverkefni innan sviðsins eru snemmútskriftir af nýburagjörgæslu þ.e. fyrirburar sem útskrifast heim af nýburagjörgæsludeild með sondu og/eða súrefni og svo alþjóðleg rannsókn á aðlögun og áskorunum fjölskyldna barna og unglinga með langvinna sjúkdóma.

Birtingar í rannsóknartímaritum

Castor C., Björk, M., Bai, J., Berlin, H., Kristjansdóttir, G., Kristjansdóttir, O., Hansson, H., Höök A., Stenström, P., & Nilsson, S. (2023). Psychometric evaluation of the electronic Faces Thermometer Scale for pain assessment in children 8-17 years old: A study protocol Paediatric and Neonatal Pain, 00, 1-11. [doi: 10.1002/pne2.12102](https://doi.org/10.1002/pne2.12102).

Emilía Fönn Andradóttir, Þóra Jenný Gunnarsdóttir, Elísabet Konráðsdóttir, Rafn Benediktsson, Helga Jónsdóttir. Reynsla kvenna af því að greinast með meðgöngusykursýki og vitneskja þeirra um mikilvægi eftirfylgdar eftir fæðingu: Eigindleg rannsókn. [Tímarit hjúkrunarfræðinga. 2023 nóv.;99\(3\):58-67.](#)

Fanný B. Miiller Jóhannsdóttir, Elín Ögmundsdóttir, Guðrún Kristjánsdóttir (2023). Ljósameðferð í heimahúsum [Home phototherapy for neonatal jaundice]. [Ljósmeðrablaðið \[Journal of the Icelandic Midwives Association\], 101\(1\), 41-46.](#)

Foster, M., Blamires, J., Neill, S., Coyne, I., Kristjánsdóttir, G., Feeg, V., Paraszczuk, A., Al-Motlaq, M. (2023). The Long-Term Impact of COVID-19 on Nursing: An e-Panel Discussion from the International Network for Child and Family Centred Care. Journal of Clinical Nursing, 00, 1-12. DOI: [10.1111/jocn.16683](https://doi.org/10.1111/jocn.16683)

Gudjonsdóttir, B., Oskarsdóttir, S. A., Kristjansdóttir, A., Gudmundsdóttir, J. A., Kamban, S. W., Licina, Z. A., & Gudmundsdóttir, D. B. (2024). Impact of Musculoskeletal Pain on Functioning and Disability in Children with Juvenile Idiopathic Arthritis in Iceland. [Physical & Occupational Therapy In Pediatrics, 44\(4\), 554-571.](#)

Gudjonsdóttir, B., Kristjansdóttir, A., Oskarsdóttir, S. A., Gudmundsdóttir, J. A., Kamban, S. W., Licina, Z. A., & Gudmundsdóttir, D. B. (2023). Physical Activity Measured with Accelerometer in Children and Youth with Juvenile Idiopathic Arthritis Compared with Peers in Iceland. Medical Research Archives, 11(12): 1-9. <https://doi.org/10.18103/mra.v11i12.4957>

Kristensson-Hallström, I., Castor, C., Hansson, H., Holmberg, R., Jerene, D., Johnsson B. A., Kristjánsdóttir, G., Kristjánsdóttir, Ó., Magnusson, B., Persson, M., Sjöström-Strand, A., Stenström, P., Welander-Tärnberg, A. and Tornberg Å. B. (2023). eHealth as an aid for facilitating and supporting self-management in families with long-term childhood illness; development, evaluation, and implementation in clinical practice. – A research programme. Clinical Health

Promotion – Research & Best Practice for patients, staff and community, 13, e23002. <https://doi.org/10.29102/clinhp.23002>

Nilsson, S., Hylén, M., Kristensson-Hallström, I., Kristjánsdóttir, G., Stenström, P., and Vilhjálmsdóttir, R. (2023). Parental access to healthcare following paediatric surgery – the precarious role of parents as providers of care in the home. *Children*, 10(9), 1578. <https://www.mdpi.com/2227-9067/10/9/1578>

Fyrirlestrar eða veggspjaldakynningar

Jonsdóttir, Rákel Björg, Jonsdóttir, and Flacking, R. Few weeks Matter. Breastfeeding during the first year in late preterm infants. The 10th Nordic Breastfeeding Conference, September 2023. Fyrirlestur.

Jonsdóttir, Rákel Björg, Halldorsdóttir, E., and Jonsdóttir, H. Breastfeeding of preterm infants after early discharge. 11th Council of International Neonatal Nurses Conference, May 2024. Talking poster.

Jonsdóttir, Rákel Björg, Late preterm infants and breastfeeding. Ráðstefna DACLC, February 2024. Fyrirlestur.

Gunnarsdóttir, Karitas, Sigurðardóttir, A. Ó., Brynjólfssdóttir, B., Jónsdóttir, K. og Ingadóttir, B. An Educational Game to Prepare Preschool Children for Anaesthesia: A feasibility study. 6th PNAE Congress, september 2023. Talking poster.

Konraðsdóttir, Elisabet. Challenges and results Nursing children with diabetes and their families. Stjórnarfundur Pediatric Nursing Association of Europe (PNAE), maí 2024. Fyrirlestur.

Þorsteinsdóttir, Svana Katla, Þorsteinsdóttir, Þ. K. og Gunnarsson, K. F. Paediatric traumatic brain injuries in Iceland from 2010 to 2021. 6th PNAE Congress, september 2023. Talking Poster.

Stjórn fagráðsins skipa: Fanný B. Miiller Jóhannsdóttir verðandi sérfræðingur í hjúkrun, Karítas Gunnarsdóttir sérfræðingur í hjúkrun, Kristín Björg Flygenring sérfræðingur í hjúkrun, Kristín Inga Grímsdóttir sérfræðingur í hjúkrun, Oddný Kristinsdóttir sérfræðingur í hjúkrun og dr. Guðrún Kristjánsdóttir forstöðumaður fræðasviðs.

Fagráð í bráðahjúkrun

Fagráð í bráðahjúkrun heldur utan um fræðsludagskrá fyrir hjúkrunarfræðinga, sjúkraliða, aðstoðarmenn og hjúkrunarnema á bráðamóttöku. Fræðsla hjúkrunarfræðinga fer eftir skilgreindum hæfniviðmiðum sem byggja á hugmyndafræði Patricu Benner. Veturinn 2023-24 voru 33 hjúkrunarfræðingar í hæfniviðmiðum *Nýliða*, 12 í hæfniviðmiðum *Hæfur* og 60 í hæfniviðmiðum *Reyndir*. Að auki voru haldin námskeið fyrir Triage hjúkrunarfræðinga. Fulltrúi úr fagráðinu tekur þátt í stýrihópi vegna innleiðingar hæfniviðmiða á Landspítala.



Sjö hjúkrunarfræðingar af bráðamóttökunni eru í eða eru að ljúka framhaldsnámi og þrjú hjúkrunarfræðingar stefna á að hefja framhaldsnám í bráðahjúkrun á komandi hausti. Meðlimir fagráðsins leiðbeindu tveimur hópum hjúkrunarnema í BS verkefnum við Háskóla Íslands. Verkefnin voru um tíðar komu eldri einstaklinga á bráðmóttöku og hjúkrun eftir höfuðáverka.

Birtingar

Garcia-Castrillo, L., Cadamuro, J., Dodt, C., Lauwaert, D., Hachimi-Idrissi, S., Van Der Linden, C., Bergs, J., Costelloe, S., Grossmann, F., Koca, A., Palomäki, A., Ruiz, J., Stonys, R., Thorsteinsdóttir, T., og fleiri. (2024). Recommendations for blood sampling in emergency departments from the European Society for Emergency Medicine (EUSEM), European Society for Emergency Nursing (EuSEN), and European Federation of Clinical Chemistry and Laboratory Medicine (EFLM) Working Group for the Preanalytical Phase. Executive summary. *Clinical Chemistry and Laboratory Medicine (CCLM)*. <https://doi.org/10.1515/cclm-2024-0059>

European Taskforce on Geriatric Emergency Medicine, c. (2024). Prevalence of Frailty in European Emergency Departments (FEED): An international flash mob study. *European Geriatric Medicine*. <https://doi.org/10.1007/s41999-023-00926-3> (í hópnum voru m.a. Sigrún Sunna Skúladóttir, Ingibjörg Hjaltadóttir, Ingibjörg Sigurbórsdóttir og Þórdís Þorsteinsdóttir)

Erindi og veggspjöld

Þórdís Katrín Þorsteinsdóttir, Ingibjörg Sigurbórsdóttir, Gyða Halldórsdóttir, Elísabet Guðmundsdóttir (2023). Komur aldraðra á bráðamóttöku Landspítala 2013-21. Erindi. *Líf - og heilbrigðisvísindaráðstefna Háskóla Íslands 2023*. Háskólatorg 24. maí. Ágrip: <https://lifogheil.hi.is/rannsokn/komur-aldradra-a-bradamottoku-landspitala-2013-21/>

Jara Kjartansdóttir, Karen Gígja Agnarsdóttir, Margrét Lilja Arnbergdóttir, Þórdís Katrín Þorsteinsdóttir, Ingibjörg Sigurbórsdóttir (2023). Eldri einstaklingar á bráðamóttöku Landspítala - Skýringar á lengd dvalar. Erindi. *Hjúkrun 2023*. Hilton Reykjavík Nordica, 29. september. Ágrip: https://radstefna.hjukrun.is/wp-content/uploads/2023/09/Radstefnurit_hjukrun-2023.pdf

Ingibjörg Sigurbórsdóttir, Elísabet Guðmundsdóttir, Gyða Halldórsdóttir, Sigrún Sunna Skúladóttir, Þórdís Katrín Þorsteinsdóttir (2023). Komur eldra fólks á bráðamóttöku Landspítala og eftirfylgd ráðgefandi hjúkrunarfræðinga. Erindi. *Hjúkrun 2023*. Hilton Reykjavík Nordica, 29. september. Ágrip: https://radstefna.hjukrun.is/wp-content/uploads/2023/09/Radstefnurit_hjukrun-2023.pdf

Karl Gunnarsson, Þórdís Þorsteinsdóttir, Hjalti Björnsson, Ágústa Hjördís Kristinsdóttir, Marianne Klinke (2023). Höfuðáverkar á Íslandi 2010-2011. Erindi. *Líf - og heilbrigðisvísindaráðstefna Háskóla Íslands 2023*. Háskólatorg, 23. maí. Ágrip: <https://lifogheil.hi.is/rannsokn/hofudverkar-a-islandi-2010-2011/>

Elna Ólöf Guðjónsdóttir, Berglind Þorsteinsdóttir, Særós Ásta Birgisdóttir, Dóra Björnsdóttir og Þórdís Katrín Þorsteinsdóttir (2023). Ávinningur verkferla við hjúkrun fullorðinna í ketónblóðsýringu eða flæðispennudái á bráðamóttöku. Veggspjald með örkynningu. *Hjúkrun 2023*. Hilton Reykjavík Nordica, 29. september. Ágrip: https://radstefna.hjukrun.is/wp-content/uploads/2023/09/Radstefnurit_hjukrun-2023.pdf

Sigurpórsdóttir, I, Þorsteinsdóttir, T.T., Guðmundsdóttir, E. og Halldórsdóttir, G (2023). Geriatric Emergency Nurse intervention at Landspítali University Hospital's Emergency Department. Retrospective analysis of medical journal data. Oral presentation. *Nordic Conference in Nursing Research*. Hilton Nordica, Reykjavík, 3. október. Ágrip: <https://www.eventure-online.com/eventure/login.form?U03689d20-9f5d-47d9-874f-aea039bf4d74>

Sigurthorsdóttir, I., Guðmundsdóttir, E. Halldórsdóttir, G., Þorsteinsdóttir, T.T. og Skuladóttir, S. (2023) GEM-Nurses intervention at Landspítali University Hospital's Emergency Department. Does it matter? Oral presentation. *4th Global Conference on Emergency Nursing and Trauma Care*. Göteborg, Sverge, 9-11nóvember. Ágrip https://oxfordabstracts.s3.amazonaws.com/event_2383_user_149447_Abstract%20book_EMER2023.pdf

Gunnarsson, K.F., Þorsteinsdóttir, Þ.K., Björnsson, H.M., Jónsdóttir, M.K., Magnúsdóttir, B.B., Strandmark, R.E., Kristinsdóttir, Á.H. , Klinke, M.E., (2023). Building a scientific database of traumatic brain injury in Iceland: Strategy and preliminary results nested within a big dataset. Oral presentation. *Nordic Conference in Nursing Research*. Hilton Nordica, Reykjavík, 3. október. Ágrip: <https://www.eventure-online.com/eventure/login.form?U03689d20-9f5d-47d9-874f-aea039bf4d74>

Hulda Hrönn Björgúlfsdóttir (2023). Sexual-assault centre at Landspítali National University Hospital - taking care of vulnerable groups as an emergency nurse". Boðserindi. *EUSEM 2023: European Emergency Medicine Congress*, 16 - 20 September in Barcelona, Spain.

Hulda Hrönn Björgúlfsdóttir (2023). Sexual-assault centre at Landspítali National University Hospital - taking care of vulnerable groups as an emergency nurse".

"Only YES means YES" Sexual violence from A to Z and providing support for individuals and persons with disabilities. Vilnius Litáen, desember. Þórdís Edda Hjartardóttir (2023). (Boðserindi)

Chest pain assessment, triage and treatment in the emergency department Landspítali. *28th Nordic-Baltic Congress in Cardiology*. Reykjavík, Harpa, 9. júní. (Boðserindi)

Thordis Thorsteinsdóttir (2023) Specialization in Emergency Nursing in Iceland. Abstract and oral online presentation (Invited). *7th Emergency Medicine Nurses Congress with international participation*, Vodice, Króatía, 22. nóvember, 2023.

Þórdís Katrín Þorsteinsdóttir (2023). Older people at the emergency department – using data from medical journals to plan nursing care. Oral presentation (552). *Nordic Conference in Nursing Research*. Hilton Nordica, Reykjavík, 3. október. Ágrip: <https://www.eventure-online.com/eventure/login.form?U03689d20-9f5d-47d9-874f-aea039bf4d74>

Thordis K. Thorsteinsdóttir (2023). Planning emergency nursing of older people based on research. Oral presentation (PRES0252). (invited).

EUSEM 2023: European Emergency Medicine Congress 2023. CCIB Barcelona, 19. September. Svana Katla Þorsteinsdóttir, Þórdís Katrín Þorsteinsdóttir og Karl Fannar Gunnarsson (2023).

Paediatric traumatic brain injuries: A descriptive analysis of incidence, visits, cause, and admission rates in Iceland from 2010 to 2021. E-poster and Abstract #2703. *6th Paediatric*

Nursing Associations of Europe Congress. Rome, 28.-29. September. Ágrip:
<https://eposter2023.pnae.eu/wp-content/uploads/2023/12/6th-PNAE-Congress-BOOK20231206.pdf>

Bráðhjúnarfræðingar fjölmenntu á EUSEM í Barcelona í september og nokkrir sóttur alþjóðlega „trauma“ ráðstefnu í Gautaborg tveimur mánuðum síðar. Einnig sóttu bráðhjúnarfræðingar ráðstefnur ENA í San Diego í september.

Meðlimir fagráðsins tóku þátt í undirbúningi Bráðadagsins þar sem yfirskriftin var Ofbeldi - framfarir í bráðþjónustu við þolendur, þar tók Hulda Hrönn Björgúlfsdóttir forstöðukona Neyðarmóttöku vegna nauðgana þátt í pallborði og Svana Katla Þorsteindóttir kynnti MS verkefni sitt um höfuðáverka barna. En einnig voru kynnt tvö BS verkefni; Jara Kjartansdóttir og Karen Gígja Agnarsdóttir um dvalarlengd eldra fólks á Bráðmóttöku og Kolfinna Ýr Karelsdóttir og Sigurborg Arnardóttir um höfuðhögg

Stjórn fagráðsins: Ingibjörg Sigurþórsdóttir, formaður, Anna Guðný Einarsdóttir, aðstoðardeildarstjóri, Ágústa Hjördís Kristinsdóttir, sérfræðingur í hjúkrun og deildarstjóri, Dóra Björnsdóttir, sérfræðingur í hjúkrun, Kristín Halla Marinósdóttir, bráðahjúknarfræðingur, Sigrún Guðný Pétursdóttir, sérfræðingur í hjúkrun, Sólveig Wium, aðstoðardeildarstjóri og Dr. Þórdís Katrín Þorsteinsdóttir, forstöðumaður fræðasviðs í bráðhjúkrun.

Fagráð hjartahjúkrunar

Fagráð hjartahjúkrunar skiptist í faghópa eftir deildum og einingum: Hjartadeild, hjarta- og æðaþræðing, hjartagátt, göngudeild hjartabilunar, göngudeild kransæða, göngudeild hjartsláttartruflana og hjarta-, lungna- og augnskurðeild 12G.

Í vetur hafa fundir og vinna fagráðs fyrst og fremst falist í eftirfarandi: Gerð sérhæfðra hæfniviðmiða innan sviðsins, gerð námskrár, fjölbreyttum gæða- og þróunarverkefnum og þátttöku í þróun göngudeilda. Einnig hefur fagráðið unnið að eftirfarandi verkefnum:

Öryggismenning

Eftirlit og umræður um atvik á einingunum.

Vinna með byltuvarnir á 14EG og 12G. Til að efla öryggi sjúklinga og byltuvarnir bauðst hjartadeildinni 14EG að vera þrúfudeild fyrir [QUMEA sem er rafrænt vöktunarkerfi með hreyfingu sjúklinga](#).

Mannauður og menntun

Helga Ýr Erlingsdóttir var ráðin sérfræðingur í hjúkrun á hjartagátt og mun þar m.a. taka þátt í starfsemi og þróun göngudeildar sjúklinga með gáttatíf. Hildur Rut Albertsdóttir var ráðin sérfræðingur í hjúkrun sjúklinga á þræðingastofu.

Hafin er þróun klíníks meistaranáms í hjúkrun hjartasjúklinga í samvinnu við Háskólann og Sjúkrahúsið á Akureyri. Auður Ketilsdóttir og Bylgja Kærnested eru í undirbúningsnefnd námsins.

Mentorar: Gengið hefur vel að þróa „Mentorship“ á 14E.

Áframhaldandi vinna við gerð sérhæfðra hæfniviðmiða fyrir hjartahjúkrun. Innihald hæfniviðmiða fyrir *Nýliða* og *Vel á veg komna* liggur fyrir og voru yfirfarin.

Fræðsluáætlun fyrir hjartadeildirnar er í mótun og tekur mið af hæfniviðmiðum. Haldnir voru þrír sérstakir fræðsludagar fyrir starfsþróunarári A og tveir fyrir starfsþróunarári B.

Þrettán hjúkrunarfræðingar hafa verið á starfsþróunarári A í vetur og 5-7 hjúkrunarfræðingar á starfsþróunarári B á hjartadeild 14EG. Á 12G hafa verið þrír hjúkrunarfræðingar á starfsþróunarári A og tveir hjúkrunarfræðingar á starfsþróunarári B.

Hádegisfyrirlestrar á hjartadeild 14EG hafa verið haldnir nokkuð reglulega í vetur og efni þeirra hefur verið fjölbreytt.

Þjónusta

Göngudeild fyrir sjúklinga með gáttatif er í þróun.

Göngudeild fyrir sjúklinga með arfgenga hjartasjúkdóma er í mótun, hjartasérfræðingur hefur þegar hafið móttöku en hjúkrunarmóttaka er í skoðun, ásamt þýðingu á fræðsluefni.

Í vetur stóð framkvæmdastjóri sviðsins fyrir afar gagnlegri vinnustofu um stefnumótun fyrir göngudeild hjartaþjónustu sem fölmargir fagráðsmeðlimir tóku þátt í. Fagráðið hefur kallað eftir stefnumótun um göngudeildarþjónustu hjartasjúklinga og fagnar því að þessi vinna sé hafin.

Rafrænt fræðsluefni í rafrænu námsumsjónakerfi Eddu er í stöðugri þróun og endurskoðun.

Fræðsluefni fyrir sjúklinga á hjartagátt var endurskoðað og unnið er að þýðingu efnis yfir á ensku. Verið er að vinna að fræðslubæklingi um hjartabilun og fræðsluefni fyrir hjartasjúklinga er í þróun í Heilsuveru í samstarfi við Heilsugæslu Höfuðborgarsvæðisins.

Haldin hafa verið tvö námskeið alls 12 klst., fyrir hjúkrunarfræðinga í heimahjúkrun vegna Hjartabilunarþjónustunnar.

Stöðugar umbætur

Fagráðið á fulltrúa í stýrinefnd um skráningu hjúkrunar.

Ýmsir umbótahópar hafa verið starfandi í vetur á 14EG fyrir eftirfarandi viðfangsefni: Byltuvarnir, næringu, hreyfingu, óráð og sýkingavarnir.

Vinna er hafin við að yfirfara öll útgefin gæðaskjöl og endurskoða eftir þörfum.

Þróun nýjunga í Heilsugátt.

Innleiða og bæta tilvísanir á hjartadeildir (B&T) - verið er að breyta fyrirkomulagi beiðna á göngudeild hjartabilunar.

Sameiginleg beiðni í heilsugátt á hjartasviðið er í þróun.

Vinnusmiðja á vegum framkvæmdastjóra sviðsins í júní 2024 fjallar um “Markmið, árangursvísa, verkefni og þjónustu”. Fagráðsmeðlimir taka þátt í því.

Rannsóknir

Inga Valborg Ólafsdóttir hefur verið að undirbúa þátttöku fagráðsmeðlima og annarra innan sviðsins í fjölþjóðlegri rannsókn, [EuroAspire](#) sem hefst í ágúst 2004.

Ráðstefnur, málþing og veggspjöld

Haldin voru tvö málþing, 10. nóvember 2023 og 3. maí 2024 en það síðara var haldið í tilefni af 20 ára afmæli göngudeildar hjartabilunar og göngudeild kransæða.

Ráðstefnan [Hjúkrun 2023](#): Málstofa um framtíðarsýn í hjúkrun hjartasjúklinga: Samþætt göngudeildarþjónusta fyrir hjartasjúklinga, hlutverk hjúkrunar og framtíðarsýn. Auður Ketilsdóttir og Inga Valborg Ólafsdóttir.

Ráðstefnuferðir: NICC Reykjavík, mars 2024 og ESC HeartFailure Lissabon, maí 2024.

Vika hjúkrunar 2024: [Tvö veggspjöld voru birt rafrænt í tilefni að viku hjúkrunar 2024.](#)

- Þorsti er algengt og óþægilegt einkenni meðal sjúklinga með hjartabilun
- Öryggisvakning á Hjartadeild: Átak í óráðs- og byltuvörnum

Birtingar

Svavarsdóttir, M. H., Halapi, E. C., Ketilsdóttir, A., Ólafsdóttir, I. V., & Ingadóttir, B. (2023). Changes in disease-related knowledge and educational needs of patients with coronary heart disease over a six-month period between hospital discharge and follow-up. *Patient Education and Counseling*, 117, 107972. Grein 107972. <https://doi.org/10.1016/j.pec.2023.107972>

Erlingsdóttir, H. Ý., Ketilsdóttir, A., Hendriks, J. M., & Ingadóttir, B. (2023). Disease-Related Knowledge and Need for Revision of Care for Patients with Atrial Fibrillation: A Cross Sectional Study. *Patient Preference and Adherence*, 17, 2621-2630. <https://doi.org/10.2147/PPA.S428444>

Ingadóttir, B., Jaarsma, T., Norland, K., & Ketilsdóttir, A. (2023). Sense of Security Mediates the Relationship Between Self-care Behavior and Health Status of Patients With Heart Failure: A Cross-sectional Study. *The Journal of cardiovascular nursing*, 38(6), 537-545. <https://doi.org/10.1097/JCN.0000000000000981>

Stjórn fagráðsins: Auður Ketilsdóttir, formaður, Guðríður Kristín Þórðardóttir, ritari, Hulda Halldórsdóttir, Valdís Anna Gunnarsdóttir, Inga Valborg Ólafsdóttir, María V Guðmundsdóttir og Hildur Rut Albertsdóttir.

Fagráð um ljósmæðraþjónustu

Stjórn fagráðs um ljósmæðraþjónustu á Landspítala hefur að jafnaði fundað tvisvar í mánuði veturinn 2022-2023. Stjórnin hefur einnig komið að ýmsum verkefnum á starfsárinu en mestur tíminn fór í vinnu við gerð hæfniviðmiða fyrir ljósmæður. Því verkefni lýkur vonandi á

haustmánuðum 2024. Þá átti stjórnin þátt í undirbúningi ráðstefnu ljósmæðra á Akureyri þann 3. maí sl. um fræðsluþarfir verðandi foreldra og samfelld þjónustuform í barneignarferlinu.

Kynningar á rannsóknum - Rannsóknakaffi

Fagraðið stóð fyrir málstofum sem kallast *Rannsóknarkaffi* í fjögur skipti í vetur. Þar er vettvangur fyrir ljósmæður í framhaldsnámi og/eða þær sem eru að vinna að rannsóknum til að kynna sín verkefni fyrir samstarfsfólki og fá umræður um þau. Eftirfarandi meistaraverkefni ljósmæðra voru kynnt í Rannsóknakaffi:

Tengsl Milou miðlægs fósturhjartsláttarkerfis við útkomu fæðinga á Landspítala – Birta Hildardóttir, ljósmóðir MSc, leiðbeinendur Helga Gottfreðsdóttir og Halla Ósk Halldórsdóttir

„Þetta er hjálpartæki ekki ljósmóðir, það er ekkert sem kemur í staðinn“. *Reynsla ljósmæðra af miðlægrri hjartsláttarhlustun* – Brynja Pála Helgadóttir, ljósmóðir MSc, leiðbeinandi Helga Gottfreðsdóttir

Er hópmeðgönguvernd góður kostur fyrir konur í áhættumeðgöngu? Viðhorf ljósmæðra – Guðrún Elín Davíðsdóttir, ljósmóðir MSc, leiðbeinendur Valgerður Lísa Sigurðardóttir og Emma Marie Swift

Geðheilsuvernd á meðgöngu: skimun, viðhorf og áskoranir ljósmæðra – Arndís Mogensen, ljósmóðir MSc, leiðbeinendur Valgerður Lísa Sigurðardóttir og Sigríður Sía Jónsdóttir

Áfallaeinkenni í kjölfar fæðingar og upplifun móður á tengslum við ungbarn – Guðrún Anna Hákonardóttir, ljósmóðir MSc, leiðbeinendur Valgerður Lísa Sigurðardóttir og Stefanía Birna Arnardóttir

„Staðurinn skiptir ekki máli... bara ef ég hefði rétta fólkið með mér“. *Reynsla kvenna sem flytjast milli fæðingarstaða í fæðingu: eigindleg fyrirbærafræðileg rannsókn* – Guðlaug Jóna Karlsdóttir, ljósmóðir MSc, leiðbeinandi Ólöf Ásta Ólafsdóttir

„Sækið Hildi ljósmóður“. *Innsýn í líf og störf héraðsljósmóður á Austurlandi á seinni hluta 20. aldar: tilfellarannsókn og frásagnagreining* – Stella I. Steinþórsdóttir, ljósmóðir MSc, leiðbeinandi Ólöf Ásta Ólafsdóttir

Í Rannsóknakaffinu var ein kynning á doktorsverkefni í ljósmóðurfræði: *Hópmeðgönguvernd – ávinningur og áskoranir* - Emma Marie Swift, ljósmóðir og lektor

Rannsóknarverkefni sem ljósmæður á Landspítala hafa unnið veturinn 2023-2024

Innan fræðasviðs um meðgönguvernd:

Reynsla og upplifun foreldra af fæðingarsamtali í meðgönguvernd á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja. Eigindleg viðtalsrannsókn. Meistaraverkefni Hildu Guðnýjar Svavarsdóttur, leiðbeinendur Helga Gottfreðsdóttir og Jónína S. Birgisdóttir

Geðheilsuvandi á meðgöngu kvenna með fyrri sögu um fósturmissi. Þversniðsrannsókn. Meistaraverkefni Karenar Guðmundsdóttur, leiðbeinendur Valgerður Lísa Sigurðardóttir og Sigríður Sía Jónsdóttir

Innan fræðasviðs um fæðingarhjálp:

„Smá eins og mömmur manns í gegnum þetta“: Væntingar íslenskra kvenna til umönnunar ljósmóður í fæðingu. Meistaraverkefni Öglu Bettýjar Andrésdóttur, leiðbeinendur Embla Ýr Guðmundsdóttir og Helga Gottfreðsdóttir

Reynsla kvenna af yfirsetu ljósmóður í fæðingu. Þýðing og staðfæring spurningalistans PPI. Meistaraverkefni Huldu Viktorsdóttur, leiðbeinendur Helga Gottfreðsdóttir og Steinunn H. Blöndal

Upplifun mæðra af siritun fósturhjartsláttar í fæðingu. Eigindleg kerfisbundin fræðileg samantekt. Meistaraverkefni Jóhönnu Sigurjónsdóttur, leiðbeinendur Valgerður Lísa Sigurðardóttir og Halla Ósk Halldórsdóttir

„Mitt örugga rými“: Reynsla kvenna af fæðingum án fagaðila á Íslandi. Fyrirbærafræðileg rannsókn. Meistaraverkefni Guðrúnar Magnúsdóttur, leiðbeinendur Berglind Hálfðánsdóttir og Steinunn H. Blöndal

Innan fræðasviðs um sængurlegu og brjóstagjöf:

Fyrsta brjóstagjöf eftir fæðingu á Landspítala. Lýsandi þversniðsrannsókn. Meistaraverkefni Berglindar Önnu Karlsdóttur, leiðbeinendur Helga Gottfreðsdóttir og Hallfríður Kristín Jónsdóttir

Ábótagjafir meðal nýbura á sængurlegudeild Landspítala. Lýsandi þversniðsrannsókn. Meistaraverkefni Hafrúnar Hlínar Sigfúsdóttur, leiðbeinendur Helga Gottfreðsdóttir og Hallfríður Kristín Jónsdóttir

Forvarnir og meðferð án lyfja við stálma, stíflum og brjóstabólgu. Kerfisbundin fræðileg samantekt. Meistaraverkefni Oddnýjar Silju Friðriksdóttur, leiðbeinendur Valgerður Lísa Sigurðardóttir og Hallfríður Kristín Jónsdóttir

Mat kvenna á viðtölum um upplifun fæðingar við ljósmæður innan heilsugæslunnar. Lýsandi þversniðsrannsókn. Meistaraverkefni Ölmú Kristínar Ólafsdóttur, leiðbeinendur Valgerður Lísa Sigurðardóttir og Ástþóra Kristinsdóttir

Rannsóknarverkefni í samstarfi við aðrar stofnanir

Ljósmæður fagraðs eru einnig aðilar að stærri rannsóknarverkefnum sem unnin eru í samstarfi við aðrar stofnanir innan lands og utan:

Normal birth – how to protect normal births in hospital settings. Nordplus samstarfsverkefni Midwives of the North (Nordejordemodern) við Háskóla Íslands og háskóla á Norðurlöndunum og Eystrasaltlöndunum

INTERSECT alþjóðleg rannsókn á áfallastreitueinkennum eftir fæðingu er rannsókn sem framkvæmd er í 44 löndum í öllum heimsálfum og nær til kvenna og maka þeirra.

Birth Saga rannsóknarverkefni á tengslum áfallasögu kvenna við neikvæða fæðingarreynslu og útkomu fæðinga. Samstarf við Háskóla Íslands

Geðheilsuvernd á meðgöngu og eftir fæðingu. Samstarfsverkefni við Háskóla Íslands, Háskólann á Akureyri, Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og Poznan University í Póllandi

Innleiðing viðtala ljósmæðra innan heilsugæslunnar um allt land um fæðingarreynslu. Samstarfsverkefni við Háskóla Íslands og Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

Meistarapróf í ljósmóðurfræði

Fjórar ljósmæður sem eru í starfi á Landspítala luku meistaragráðu frá í október 2023 til júní 2024. Það eru Arndís Mogensen, Eva Rut Guðmundsdóttir, Hilda Friðfinnsdóttir og Árný Anna Svavarsdóttir. Auk þeirra luku 15 ljósmæður meistaragráðu í ljósmóðurfræði til starfsréttinda.

Stöður sérfræðiljósmæðra og forstöðumanna fræðasviða

Ingibjörg Th. Hreiðarsdóttir kom inn í stöðu sérfræðiljósmóður í meðgönguvernd Landspítala haustið 2023. Alls eru fimm ljósmæður nú í stöðum sérfræðiljósmæðra innan barneignarþjónustu Landspítala (Bryndís Ásta Bragadóttir, Edda Sveinsdóttir, Kristín Rut Haraldsdóttir, Valgerður Lísa Sigurðardóttir og Ingibjörg Th. Hreiðarsdóttir). Hallfríður Kristín Jónsdóttir lauk starfsnámi til sérfræðiréttinda í janúar 2024. Fjórar ljósmæður eru nú í starfsnámi til sérfræðiréttinda.

Forstöðumenn fræðasviða innan ljósmóðurfræða eru tveir - Helga Gottfreðsdóttir er forstöðumaður í ljósmóðurfræðum og þann 1. mars sl. tók Valgerður Lísa Sigurðardóttir við stöðu forstöðumanns fræðasviðs um kynheilbrigði og forvarnir á Landspítala.

Stjórn Fagráðs um ljósmæðraþjónustu á Landspítala skipa eftirfarandi aðilar: Valgerður Lísa Sigurðardóttir, sérfræðiljósmóðir (formaður), Bryndís Ásta Bragadóttir, sérfræðiljósmóðir (ritari) Helga Gottfreðsdóttir, prófessor, forstöðumaður fræðasviðs ljósmóðurfræða (varaformaður), Edda Sveinsdóttir, sérfræðiljósmóðir, María Sunna Einarsdóttir, ljósmóðir og Hallfríður Kristín Jónsdóttir, ljósmóðir með sérfræðileyfi.

Fagráð krabbameins- og líknarhjúkrunar

Fagráð krabbameins- og líknarhjúkrunar vann á starfsárinu meðal annars að þróun og gerð sérhæfðra hæfniviðmiða og eflingu Krabbameinsgáttarinnar. Fjallað var um nám til sérhæfingar og ýmsa staðla tengda hjúkrun sem eru hluti af framtíðarvottun krabbameinsþjónustunnar, PRO sjúklíngauðtkomur, síðbúnar afleiðingar og eftirfylgd.

Sérhæfð hæfniviðmið í krabbameins- og líknarhjúkrun

Unnið hefur verið í vinnuhópum að sérhæfðum hæfniviðmiðum. Ákveðið var að styðjast við tilmæli og menntunarramma Evrópusamtaka krabbameinshjúkrunarfræðinga, starfsþróunarferli krabbameinshjúkrunarfræðinga frá Royal College of Nursing og nýta eldri vinnu fagráðsins sem byggði á kanadískum hæfniviðmiðum. Einnig var ákveðið að horfa til staðla sem tengjast vottunarvinnu innan krabbameinsþjónustu. Unnið er m.a. að hæfniþáttum fyrir krabbameinslyfjameðferð, geislameðferð, líknarmeðferð, bráð krabbameinstengd mál, kynlíf og

krabbamein, sjúklingafræðslu, og samskipti við aðstandendur krabbameinssjúklinga. Sameinast var um ákveðið sniðmát fyrir hvern hæfnipátt sem nær yfir öll fjögur hæfnistigin.

Krabbameinsgáttin

Unnið hefur verið markvisst að því að efla og styrkja notkun krabbameinsgáttarinnar. Nýtt verklag við vöktun gáttarinnar var tekið upp á 11B sem hefur skilað því að brugðist er fyrir við flöggunum en áður. Allir sjúklingar sem eiga bókaðan tíma í meðferð fá sendar áminningar deginum áður um að svara ESASr sjálfsmati.

Verið er að smíða viðmót innan heilsugáttar, þar sem hjúkrunarfræðingar geta fylgst markvisst með sínum sjúklingum og þeirra sem nota Krabbameinsgáttina. Þar verður hægt sjá til dæmis nótur, blóðprufur, greiningar, næstu komur, niðurstöður spurningarlista og skilaboð úr Heilsuveru. Hægt verður að nota heilsugáttarhópana til að skoða fram í tímann hvenær sjúklingar eru bókaðir á dag- og göngudeild, senda skilaboð og áminningar um að svara spurningarlistum um Krabbameinsgáttina.

Þátttaka sjúklinga

Skriflegt fræðsluefni fyrir sjúklinga og aðstandendur í krabbameinsþjónustu. Unnin voru 23 skjöl með nýju skriflegu fræðsluefni fyrir sjúklinga um krabbameinslyfjakúra og 19 nýir fræðslublöðungar um lyf, einkenni, einkenameðferð o.fl. Þrettán fræðslublöðungar voru þýddir á pólsku. Fyrir útgáfu er nýtt fræðsluefni yfirfarið af sjúklingum. Fræðsluefni til sjúklinga er sett upp í gæðahandbók og Meðveru í Sögu. Þaðan er hægt að prenta það út eða senda sjúklingum á rafrænu form í Krabbameinsgátt Heilsuveru.

Sjálfsmetnar sjúklingaútkomur (Patient-reported outcomes). Vinnu miðar áfram við að efla ESASr einkennaskimun og skimun með DT&PL á vanlíðan og þörfum hjá sjúklingum í Krabbameinsþjónustu. Notkun hefur aukist eftir að sjúklingar fengu aðgengi að rafrænu sjálfsmati um Krabbameinsgáttina í Heilsuveru. Þannig hefur til dæmis nýgreindum krabbameinssjúklingum sem eru að byrja krabbameinslyfja- eða geislameðferð fjölgað á milli ára sem eiga að minnsta kosti eitt ESASr sjálfsmat í sinni sjúkraskrá úr 38% árið 2023 í 53% árið 2024.

Vinna við sértækari spurningalista fyrir einkenni (sjálfsmat) heldur áfram. Komin er íslensk útgáfa af spurningabanka NCI-PROCTAE og ný útgáfa af ESASr fyrir krabbameinssjúklinga hefur verið þróuð þar sem bætt hefur verið við sex einkennum.

Hjúkrun sjúklinga í geislameðferð

Undanfarin þrjú ár hefur verið unnið að því að endurskipuleggja hjúkrun á geislameðferðardeild 10K og þróa þjónustuna til að mæta þörfum sjúklinga. Nú fá allir sjúklingar viðtal við hjúkrunarfræðing og fræðslu áður en geislameðferð hefst. Krabbameinsgáttin er notuð með þeim sjúklingum sem það hentar. Áhersla er á reglulegt einkennaeftirlit með tilheyrandi einkenameðferð meðan á meðferðinni stendur og hringt er í sjúkling um 10 dögum eftir að geislameðferð lýkur til að meta líðan og þarfir. Metin var þörf á þremur stöðugildum hjúkrunar á geislameðferðardeild fyrir núverandi verklag. Til þess að auðvelda nýjum hjúkrunarfræðingum að starfa við hjúkrun sjúklinga á geislameðferðardeild voru unnir nýir verkferlar og gæðaskjöl.

Einnig var nýtt sjúklingafræðsluefni búið til og eldra efni endurskoðað. Til dæmis voru unnar meðferðaráætlanir sem greina frá meðferðinni og helstu aukaverkunum, sem sjúklingar fá áður en geislameðferð hefst.

Hjúkrun sjúklinga í krabbameinslyfjameðferð

Gerð vinnuleiðbeininga fyrir heilbrigðisstarfsfólk um krabbameinslyfjameðferð hefur haldið áfram, 34 vinnuleiðbeiningar voru unnar á árinu í fjölfaglegu samstarfi. Samhliða því eru unnar skriflegar meðferðaráætlanir fyrir sjúklinga sem þeir fá í upphafi meðferðar. Þar er yfirlit um fyrirhugaða lyfjameðferð og helstu aukaverkanir. Nú er sjúklingum sent fræðsluefni um fyrirhugaða meðferð um Meðveru í Heilsuveru áður en þeir koma í fræðsluviðtal hjá hjúkrunarfræðingi fyrir meðferð. Auk þess fá þeir senda spurningalista (DT og ESASr) til að meta líðan og einkenni og fræðsluefni í samræmi við þá meðferð sem þeir eru í og þau einkenni sem þeir merkja við á listunum. Á árinu byrjuðu hjúkrunarfræðingar á 11B með móttöku á 11C fyrir krabbameinssjúklinga sem eru á Sandostatin meðferð. Sjúklingar hitta sama hjúkrunarfræðinginn sem gefur þeim lyfið, metur einkenni og veitir ráðleggingar. Sýnilegur árangur er í bættri líðan og einkenameðferð sjúklingahópsins. Í undirbúningi er móttaka hjúkrunarfræðinga fyrir sjúklinga sem lokið hafa meðferð og eru í sjúkdómshléi, en þurfa áframhaldandi eftirlit á líðan og stöðu sjúkdóms.

Hjúkrun á Brjóstamiðstöð

Ýmis verkefni eru í gangi með evrópska gæðavottun að leiðarljósi s.s. við gerð verkferla og gæðaskjala. Dæmi um það er þróun leiðarvísis (survivorship care plan) og stuðningsþjónustu við lok meðferðar þegar gefin er krabbameinslyfjameðferð í æð og innleiðing á hjúkrunarstýrðu eftirliti fyrir sjúklinga sem eru á innkirtla-meðferð og með lága áhættu á endurkomu sjúkdóms. Staðlað verklag tengt símaráðgjöf hjúkrunarfræðinga vegna einkenna í brjóstum og endurskoðun og innleiðing á samræmdri skráningu meðferðarsímtala innan brjóstamiðstöðvar er hafin. Innleiðing á notkun Ottawa leiðarvísis fyrir persónulega ákvörðunartöku hefst á haustmánuðum. *Mín leið* námskeið fyrir þá sem hafa lokið brjóstakrabbameinsmeðferð er áfram í samstarfi við Ráðgjafþjónustu KÍ og gagna er aflað um fýsileika og útkomur í samstarfi við Háskólann í Reykjavík.

Kynningar, erindi og veggspjöld

Arnfríður Magnúsdóttir. Hlutverk hjúkrunarfræðinga á geislameðferðardeild.

Veggspjaldakynning Vika hjúkrunar LSH 2024

<https://www.landspitali.is/default.aspx?PageID=5c065f78-d117-4536-89bb-6bf01a4e47e2>

Arnfríður Magnúsdóttir, Nanna Friðriksdóttir, Valgerður Sigurðardóttir & Sigríður Zoega. Munnslímhúðarbólga og önnur einkenni hjá sjúklingum í geislameðferð með krabbamein á höfuð- og hálssvæði. Málstofa um hjúkrun sjúklinga með krabbamein. Hjúkrun 2023.

Brynja Hauksdóttir & Harpa Snorradóttir. Eigin stofnfrumumeðferð: 20 ár frá upphafi meðferða á Íslandi. Veggspjaldakynning Vika hjúkrunar LSH 2024.

<https://www.landspitali.is/default.aspx?PageID=5c065f78-d117-4536-89bb-6bf01a4e47e2>

Brynja Ingadóttir, Björk Bragadóttir, Þorgerður Ragnarsdóttir, Jónína Sigurgeirsdóttir, Jóhanna Ósk Eiríksdóttir, Nanna Friðriksdóttir, Katrín Blöndal, Margrét Hrönn Svavarsdóttir. Heilsulæsar stofnanir. Málstofa um Heilsulæsi. Hjúkrun 2023.

Guðbjörg María Lorange, Hekla Björk Grétarsdóttir, Sigríður Kristjana Þorkelsdóttir, Nanna Friðriksdóttir, Brynja Ingadóttir. Trú á eigin getu til sjálfsumönnunar: Þversniðsrannsókn meðal sjúklinga í krabbameinslyfjameðferð. Málstofa um Hjúkrun sjúklinga með krabbamein. Hjúkrun 2023.

Jóhanna Ósk Eiríksdóttir, Nanna Friðriksdóttir, Jónína Sigurgeirsdóttir, Margrét Hrönn Svavarsdóttir, Katrín Blöndal, Björk Bragadóttir, Þorgerður Ragnarsdóttir & Brynja Ingadóttir. Endursagnaraðferðin (e: teach-back). Málstofa um Heilsulæsi. Hjúkrun 2023.

Jóna Ingibjörg Jónsdóttir. The Effectiveness of a Couple-based Intervention among Women in Active Cancer Treatment to Support Adjustment on Sexuality and Intimacy. Rafrænt veggspjald. 17th Congress of the European Federation of Sexology. 2024.

Jóna Ingibjörg Jónsdóttir. The Benefit of a Couple-based Intervention Among Women in Active Cancer Treatment on Sexual Concerns. Fyrirlestur. 17th Congress of the European Federation of Sexology. 2024.

Katrín Edda Snjólaugsdóttir, Kristín Jóhanna Þorbergssdóttir & Kristín Lára Ólafsdóttir. Stuðningsþjónusta á göngudeild fyrir sjúklinga með útbreitt krabbamein í 10 ár. Veggspjaldakynning Vika hjúkrunar LSH 2024.

<https://www.landspitali.is/default.aspx?PageID=5c065f78-d117-4536-89bb-6bf01a4e47e2>

Kristín Sigurðardóttir. Hjúkrun telur líka! Samræming á skráningu hjúkrunar og DRG flokkunar á Brjóstamiðstöð og gerð leiðbeininga. Erindi á vinnustofu fyrir tengiliði í skráningu hjúkrunar, 2023.

Kristín Sigurðardóttir. Umhverfi vaxtar á Brjóstamiðstöð Landspítala. Erindi á málþingi um hjúkrun á göngudeildum. Vika hjúkrunar á Landspítala 2024.

Kristín Skúladóttir, Nanna Friðriksdóttir, Sigríður Gunnarsdóttir o.fl. Fjarvöktun einkenna, fræðsla og samskipti með krabbameinsgátt. <https://www.landspitali.is/um-landspitala/fjolmidlatorg/frettir/stok-frett/2024/04/09/Fjarvoktun-einkenna-fraedsla-og-samskipti-med-krabbameinsgatt/>

Kristín Skúladóttir, Nanna Friðriksdóttir, Sigríður Gunnarsdóttir o.fl. Krabbameinsgáttin: starfræn heilbrigðisþjónusta. Fréttabréf Krabbameinsfélagsins. <https://www.krabb.is/starfid/frettir-og-midlun/krabbameinsgattin-stafraen-heilbrigdisthjonusta>

Kristín Skúladóttir, Nanna Friðriksdóttir, Sigríður Gunnarsdóttir o.fl. Krabbameinsgáttin: Lausn sem er notendavæn og styður við þátttöku sjúklinga í meðferð. Fréttabréf Krabbameinsfélagsins

Nanna Friðriksdóttir, Brynja Ingadóttir, Kristín Skúladóttir & Sigríður Gunnarsdóttir. Fýsileiki Krabbameinsgáttarinnar að mati sjúklinga í krabbameinslyfjameðferð. Veggspjaldakynning Vika hjúkrunar LSH 2024. <https://www.landspitali.is/default.aspx?PageID=5c065f78-d117-4536-89bb-6bf01a4e47e2>

Nanna Friðriksdóttir, Brynja Ingadóttir, Kristín Skúladóttir, Sigríður Zoega, Sigríður Gunnarsdóttir. Þróun á rafrænni samskiptagátt fyrir krabbameinssjúklinga- Krabbameinsgáttin. Örkyning veggspjalda. Hjúkrun 2023.

Nanna Friðriksdóttir, Brynja Ingadóttir, Kristín Skúladóttir, Sigríður Zoega & Sigríður Gunnarsdóttir. Prófun á fýsileika Krabbameinsgáttar- rafrænnar stuðningsþjónustu fyrir sjúklinga í krabbameinslyfjameðferð. Nýsköpun og þróunarverkefni. Hjúkrun 2023.

Nanna Friðriksdóttir, Brynja Ingadóttir, Kristín Skúladóttir & Sigríður Gunnarsdóttir. Usability and acceptability of a web portal for cancer patients during chemotherapy. International Conference on Communication in Healthcare (ICCH). Rio Mar, Puerto Rico, October 22nd-25th.

Rannveig Björk Gylfadóttir. Þróun aukins stuðnings við lok krabbameinsmeðferða á Brjóstamiðstöð Landspítala. Erindi á Bleiku málþingi Krabbameinsfélags Íslands, 2023.

Sigríður Gunnarsdóttir. Krabbameinsgáttin: stafræn heilbrigðisþjónusta sem er notendavæn og styður við þátttöku sjúklinga í meðferð. Málþing um hjúkrun á göngudeildum Landspítala. Vika hjúkrunar 2024.

Svandís Íris Hálfánardóttir & Valgerður Sigurðardóttir. Þekking almennings á líknarmeðferð. Veggspjald. Vísindi á vordögum 2023.

Svandís Íris Hálfánardóttir & Valgerður Sigurðardóttir. Knowledge of palliative care among the Icelandic population. Veggspjald. Sumarskóli International Collaborative for best care for the dying person, Malaga Spánn, 2023,

Svandís Íris Hálfánardóttir & Valgerður Sigurðardóttir. Upplifun sjúklinga með langt genginn sjúkdóm og aðstandenda þeirra á heilsufari og lífsgæðum. Veggspjald. Vísindi á vordögum, 2024.

Þorgerður Ragnarsdóttir, Jóhanna Ósk Eiríksdóttir, Nanna Friðriksdóttir, Jónína Sigurgeirsdóttir, Katrín Blöndal, Margrét Hrönn Svavarsdóttir, Björk Bragadóttir, Brynja Ingadóttir. Sjúklingafræðsla og stafrænt heilsulæsi (e-Health literacy). Málstofa um Heilsulæsi. Hjúkrun 2023.

Rannsóknir og ritverk

Aspelund, S.G., Halldorsdottir, T., Agustsson, G. et. al. (2024). Biological and psychological predictors of cognitive function in breast cancer patients before surgery. Supportive care in cancer (2024), 32(1), <https://doi.org/10.1007/s00520-023-08282-5>

Birna Kristín Eiríksdóttir, Kristín Fjóra Sigþórsdóttir, Kristján Júlían Sveinbjörnsson. Síðbúna og langvinnar aukaverkanir hjá fullorðnum einstaklingum eftir meðferð við bráðahvítblæði. Fræðileg samantekt. BS ritgerð í hjúkrunarfræði HÍ júní 2024. Leiðbeinendur Nanna Friðriksdóttir og Sigríður Gunnarsdóttir.

Brynja Ingadóttir, Jóhanna Ósk Eiríksdóttir, Nanna Friðriksdóttir, Katrín Blöndal, Björk Bragadóttir, Jónína Sigurgeirsdóttir, Hildur Einarsdóttir og Margrét Hrönn Svavarsdóttir. (2024). Endursagnaraðferðin í sjúklingafræðslu: Gagnreynd leið til að kanna skilning og bæta heilsulæsi. Tímarit hjúkrunarfræðinga, 100(2), 90-95.

Dagný Þóra Óskarsdóttir, Herdís Birna Gunnarsdóttir, Kolfinna Þorvarðsdóttir. Mat á sjálfsmetnum sjúklungaútkomum fólks með bráðahvítblæði í krabbameinsmeðferð. Kerfisbundin samantekt. BS ritgerð í hjúkrunarfræði HÍ júní 2024. Leiðbeinendur Nanna Friðriksdóttir og Sigríður Gunnarsdóttir.

Dýrleif Arna Ómarsdóttir, Lovísa Gréta Leifsdóttir, Tinna Sif Arnarsdóttir og Þórey Símonardóttir. Áhrif krabbameinsmeðferða á frjósemi kvenna: Hver er árangur af frystingu eggfrumna og fósturvísa? Fræðileg samantekt. BS ritgerð í hjúkrunarfræði HÍ júní 2024. Leiðbeinendur Sigríður Gunnarsdóttir og Nanna Friðriksdóttir.

European Organisation of Research and Treatment in Cancer- Quality of life group. Development of EORTC Cancer Survivorship Assessment Strategy. Alþjóðleg mælitækjarannsókn á vegum EORTC-QoL samtakanna í lokafasa. Nanna Friðriksdóttir, Valgerður Sigurðardóttir, Sigríður Zoega, Sigríður Gunnarsdóttir.

Friðriksdóttir, N., Ingadóttir, B., Skuladóttir, K., Zoëga, S., & Gunnarsdóttir, S. (2023). Supportive Digital Health Service During Cancer Chemotherapy: Single-Arm Before-and-After Feasibility Study. *JMIR formative research*, 7, e50550. <https://doi.org/10.2196/50550>

Guðmundsdóttir EM, Olafsdóttir E, Kristinsdóttir NM, Haraldsdóttir A, Sigurdardóttir K, Tryggvadóttir L, Birgisson H, Gunnarsdóttir S. [Prediction of cancer incidence and prevalence in Iceland up to the year 2040 - Icelandic Cancer Registry and Research Center]. *Laeknabladid*. 2024 Jul;110(7):354-359. Icelandic. doi: 10.17992/lbl.2024.0708.800. PMID: 38934717

Guðríður Ester Geirsdóttir, Kristín Lára Ólafsdóttir og Helga Bragadóttir. (2023). Meðferð við lok lífs utan sérhæfðra líknardeilda: Fræðileg samantekt með kögunarsniði. Tímarit hjúkrunarfræðinga, 99(2), 68-78. https://hjukrun.cdn.prismic.io/hjukrun/3ea6f3cc-0c7d-4910-ba67-594e2138aebd_Me%C3%B0fer%C3%B0+vi%C3%B0+lok+I%C3%ADfs.pdf

Guðrún Árnadóttir. Ákvörðunartaka sjúklunga byggð á samráði við hjúkrunarfræðinga. Kortlagningarsamantekt. Meistaraverkefni í hjúkrunarfræði HÍ. Leiðbeinendur Brynja Ingadóttir og Katrín Blöndal.

Haraldsdóttir A, Birgisson H, Olafsdóttir EJ, Gunnarsdóttir S, Tryggvadóttir L. [Cancer registration in Iceland for 70 years - incidence, mortality and survival]. *Laeknabladid*. 2024 Jun;110(6):307-314. Icelandic. doi: 10.17992/lbl.2024.06.797. PMID: 38809221.

Kristlaug Helga Jónasdóttir, Elísabet Guðmundsdóttir, Elín J.G. Hafsteinsdóttir og Sigríður Gunnarsdóttir. (2023). Tímarit hjúkrunarfræðinga, 99(1), 66-75. https://hjukrun.cdn.prismic.io/hjukrun/5fe1bb21-37c9-4274-9c86-9406d90b72ee_Breytingar+%C3%A1+starfsumhverf.pdf

Nanna Friðriksdóttir, Hrefna Magnúsdóttir, Sigríður Gunnarsdóttir, Kristín Skúladóttir, Sigríður Zoega, Agnes Smáradóttir, Örvar Gunnarsson og Sigurdís Haraldsdóttir. NCI-PRO-CTCAE® ITEMS-ICELANDIC. Íslensk þýðing og prófun með 60 sjúklingum lauk vorið 2024. Spurningabanki um einkenni fyrir eigið mat sjúklunga. Birt á vefsíðu National Cancer Institute. <https://healthcaredelivery.cancer.gov/pro-ctcae/instruments/pro-ctcae/pro->

[ctcae_icelandic.pdf](#). Styrkt af Krabbameinsfélagi höfuðborgarsvæðisins og Vísindasjóði Krabbameinsfélags Íslands.

Svandís Íris Hálfðánardóttir & Valgerður Sigurðardóttir (2024). Þekking á líknarmeðferð og viðhorf til lífsloka meðal almennings á Íslandi. Læknablaðið. Grein í ritrýni.

Tripodoro, V.A., Veloso, V.I., Martín, E.V. et al. (2024). 'Someone must do it': multiple views on family's role in end-of-life care – an international qualitative study. Palliative Care & Social Practice, 18; 1-16. DOI: [10.1177/26323524241260425](https://doi.org/10.1177/26323524241260425)

Urður Ómarsdóttir. Ákvarðanatataka um meðferð við lok lífs hjá öldruðum og fullorðnum sjúklingum með langt gengna sjúkdóma: Kortlagningarsamantekt. Meistaraverkefni í hjúkrunarfræði HÍ. Leiðbeinendur Sigríður Gunnarsdóttir og Svandís Íris Hálfðánardóttir.

Van Leeuwen, M., Kieffer, J.M., Young, T.E. et al. (2023). Phase III study of the European Organisation for Research and Treatment of Cancer Quality of Life cancer survivorship core questionnaire. *J Cancer Surviv* 17, 1111–1130. <https://doi.org/10.1007/s11764-021-01160-1>

Allir hjúkrunarfræðingar sem starfa í föstu starfshlutfalli á eftirtöldum deildum tilheyra fagráðinu: 10K, 11BC, 11EG, brjóstamiðstöð, líknardeild, í HERU, líknarráðgjafateymi, endurhæfingarteymi og kynlífsráðgjöf. Deildarstjórar, aðstoðardeildarstjórar, forstöðumaður fræðasviðs, forstöðuhjúkrunarfræðingur, gæðastjóri, sérfræðingar í hjúkrun, hjúkrunarfræðingar í starfsnámi til sérfræðiréttinda og hjúkrunarfræðingar í sérverkefnum eru boðaðir á fundi fagráðsins.

Forstöðumaður fræðasviðs í krabbameinshjúkrun er dr. Sigríður Gunnarsdóttir en formaður fagráðsins er Nanna Friðriksdóttir sérfræðingur í hjúkrun.

Fagráð skurð-, svæfinga- og gjörgæsluhjúkrunar

Innan fagráðs skurð-, svæfinga- og gjörgæsluhjúkrunar starfa fjórir faghópar.

Faghópur gjörgæsluhjúkrunar:

Faghópurinn skipulagði og stýrði fræðslu og færniþjálfun í hjúkrun gjörgæslusjúklinga í nóvember 2023 og maí 2024. Umfjöllunarefni voru munnhreinsun, augnumhirða, þrýstingssár, hreyfing gjörgæslusjúklinga, verkir-vökustig-óráð barna, skráning hjúkrunar og sáraumbúðir. Einnig var umræða um þróun á hlutverki hjúkrunarfræðinga við móttöku aðstandenda sjúklinga á gjörgæsludeild, sem síðan var unnið sem gæðaskjal í gæðahandbók Landspítala, en var jafnframt gagnasöfnun rannsóknar sem er í vinnslu hjá sérfræðingum í hjúkrun og hjúkrunarfræðingum á gjörgæsludeildum Landspítala.

Mikil gróska er innan gjörgæsluhjúkrunar en níu hjúkrunarfræðingar luku MS gráðu í gjörgæsluhjúkrun frá hjúkrunar- og ljósmóðurfræðideild HÍ 2023 – 2024, þar af sjö sem starfa á gjörgæsludeildum Landspítala og 18 hjúkrunarfræðingar voru skráðir í MS nám í gjörgæsluhjúkrun við sömu deild 2023 – 2024. Á gjörgæsludeildunum eru nú fimm hjúkrunarfræðingar í sérfræðinámi á Landspítala á sínu sviði innan gjörgæsluhjúkrunar.

Birtingar

- [Sölvi Sveinsson. \(2023\). Ísetning miðlægra bláæðaleggja af hjúkrunarfræðingum Vökudeildar. Tímarit hjúkrunarfræðinga, 2\(31\), 57.](#)

- [Edda Johansen, Ida Marie Bredesen, Rannveig Jóna Jónasdóttir og Ranveig Lind. \(2023\). ABCD before E-verything else - Intensive care nurses' knowledge and experience of pressure injury and moisture-associated skin damage. Int Wound J. 20\(2\): 285-295](#)

Faghópur svæfingahjúkrunar:

Eitt umfangsmesta viðfangsefnið innan faghóps svæfingahjúkrunar á starfsárinu var ut anumhald með viðbótardiplómanáminu í svæfingahjúkrun, en tíu sérnámshjúkrunarfræðingar luku námi í júní 2024 og hafa flestir tekið til starfa á Landspítala. Námið er 80 ECTS á meistarastigi og þar af 30 ECTS klínísk starfsþjálfun á svæfingadeildum sem spannar tveggja ára námstímann, samtals 1700 stundir, samhlíða bóklegri kennslu. Námið hlaut vottun (accreditation) Alþjóðasamtaka svæfingahjúkrunarfræðinga (IFNA) árið 2014 og hefur verið endurvottað á fimm ára fresti, síðast í maí 2024. Tíu hjúkrunarfræðingar munu hefja nám í haust, þar af verða átta með klíníska námsstöðu á svæfingadeildum Landspítala en tveir á Sjúkrahúsi Akureyrar en koma á Landspítala í nokkrar vikur til starfsþjálfunar á námstímanum. Þar fyrir utan eru fjórir svæfingahjúkrunarfræðingar í meistaranámi og einn í sérfræðinámi á sínu sviði á Landspítala.



Vel hefur gengið að koma á samstarfinu við svæfinganámsleiðina við Minnesota háskóla, sem hófst vorið 2023. Fulltrúar úr námsnefnd námsleiðarinnar fóru í tvær heimsóknir til Minnesota á starfsárinu, í nóvember og í apríl en þá voru jafnframt þrír nemendur með í för. Í báðum heimsóknum var sameiginleg þátttaka í fyrirlestrum, kynning á hermiaðstöðu skólans og heimsóknir á the Minneapolis Veteran Affairs Medical Center þar sem þátttaka var í sameiginlegum fræðslufundi starfsfólks svæfingadeildar og hermipjálfun með sérnámshjúkrunarfræðingum í svæfingum. Framundan er áframhaldandi vinna að samstarfi í kennslu og gæða- og rannsóknum. Forsvarsmenn námsleiðanna kynntu samstarfið sem erindi á árlegu þingi um doktorsmenntun hjúkrunarfræðinga í bandaríkjunum (Doctoral Education Conference á vegum American Association of Colleges of Nursing) í Naples, Flórída í janúar 2024.

Ráðstefnur, málþing og veggspjöld

[Málþing um aðferðir til að draga úr sársauka og kvíða barna við inngrip tengd meðferð var haldið þann 1. september 2023.](#)

Fagdeild svæfingahjúkrunarfræðinga hélt sameiginlegt vísindaping með fagdeildum skurð- og gjörgæsluhjúkrunarfræðinga, fagraði hjúkrunar aðgerðarsjúklinga og læknafélögum, þann 12 apríl á Hilton Reykjavík Nordica. Á þinginu kynntu sérnámshjúkrunarfræðingar í svæfingum lokaverkefni sín og Steinunn Snæbjörnsdóttir var með veggspjaldakynningu á rannsókn um “Fastandi blóðsykur barna við innleiðslu svæfingar – algengi lágs blóðsykurs og samband við tímalengd föstu”.

Birtingar

Theodor S Sigurdsson 1, Steinunn Snaebjornsdottir og Martin I Sigurdsson.(2023). Incidence of hypoglycaemia in fasting children after induction of anaesthesia for elective procedures: a descriptive observational study. *European Journal of Anaesthesiology*, 40(12):950-952.

Öryggisvakning vikunnar hefur áfram fest sig í sessi á báðum svæfingadeildum spítalans þar sem nýtt verkefni sem lýtur að öryggi sjúklinga er tekið fyrir vikulega. Þverfagleg hermíþjálfun við bráðum upptakum undir forystu sérfræðinga í svæfingahjúkrun og annarra svæfingahjúkrunarfræðinga er fastur liður í starfsemi svæfingadeilda spítalans þar sem þátttakendur eru starfsfólk auk sérnámshjúkrunarfræðinga og sérnámslækna á skurðstofum. Þar fyrir utan hefur hermíþjálfun verið sérsniðin að sérnámshjúkrunarfræðingum í svæfingum við stofnunina. Svæfingahjúkrunarfræðingar á Landspítala eiga tvo fulltrúa hjá Alþjóðasamtökum svæfingahjúkrunarfræðinga, annars vegar landsfulltrúa fagsins og hins vegar fulltrúa í fastanefnd sem er formaður menntanefndar IFNA.

Faghópur speglunarhjúkrunar

Á starfsárinu voru gæðaskjöl og vinnuleiðbeiningar fyrir speglunaraðgerðir endurunnin, til að tryggja að aðferðir séu í takt við nýjustu þekkingu og þróun og unnið var að umbótaverkefnum. Að lokum var útbúið myndband sem lýsir undirbúningi og tengingu fyrir Double Balloon aðgerð. Faghópurinn hélt einnig fyrirlestur á málþingi fagraða hjúkrunar á Skurðlækningasvið 17. nóvember 2023.

Á alþjóðlegum vettvangi tók hópurinn þátt í ráðstefnu ESGENA (European Society of Gastroenterology and Endoscopy Nurses and Associates) í Berlín, 27. apríl 2024, þar fagraðsmeðlimur flutti fyrirlestur sem bar heitið „Design of endoscopy departments - different tools which make daily work easier“. Faghópurinn á einnig fulltrúa í ESGENA Educating Working Group (EEWG) og tvo leiðbeinendur í þjálfunarbúðum (Hands-on training) á ráðstefnum ESGENA/UEGWeek og ESGE Days/ESGENA Spring School.

Faghópur skurðhjúkrunar

Stærsta verkefni faghóps skurðhjúkrunarfræðinga síðasta starfsárið hefur verið að sinna og halda utan um viðbótardiplómanám í skurðhjúkrun. Námið er 24 mánaða nám á meistarastigi sem samanstendur af kjarnanámskeiðum, sérhæfðum námskeiðum og klínískri starfsreynslu (1608 klst.). Þar af eru 50 einingar bóklegt nám og 30 einingar klínískt nám, samtals 80 einingar. Síðastliðið vor útskrifuðust 13 nýir skurðhjúkrunarfræðingar. Haustið 2024 munu 11 hjúkrunarfræðingar byrja í náminu, þar af tveir frá Sjúkrahúsi Akureyrar, sem munu koma í nokkrar vikur til starfsþjálfunar á Landspítala yfir námstímann.

Þrjú skurðhjúkrunarfræðingar eru í meistaranámi.

Fagdeild skurðhjúkrunarfræðinga hélt Sameiginlegt Vísindaping með fagdeildum skurð- og gjörgæsluhjúkrunarfræðinga, fagraði hjúkrunar aðgerðarsjúklinga og læknafélögum þann 12. apríl 2024 á Hilton Reykjavík Nordica. Á þinginu héldu sérnámshjúkrunarfræðingarnir erindi þar sem þeir kynntu hluta af lokaverkefni í klínískri skurðhjúkrun sem fólst í gerð veggspjalda um mismunandi viðfangsefni skurðhjúkrunarfræðinga og öryggi sjúklinga.

Öryggisvakning vikunnar hefur verið kynnt vikulega á Skurðstofum Hringbrautar, þar sem lögð er áhersla á öryggi sjúklinga og starfsmanna. Fríða Ólöf Gunnarsdóttir, skurðhjúkrunarfræðingur, hefur haldið utan um það verkefni.

Fagdeild skurðhjúkrunarfræðinga á fulltrúa í Evrópusamtökum skurðhjúkrunarfræðinga (EORNA) og eins í Norrænum samtökum skurðhjúkrunarfræðinga (NORNA) og mun næsta NORNA ráðstefna vera haldið í Reykjavík dagana 10-12 september 2025. Undirbúningsvinna fyrir þá ráðstefnu mun hefjast í haust.

Í stjórn fagráðsins eru dr. Þórunn Scheving Elíasdóttir, forstöðumaður fræðasviðs í svæfinga- og skurðhjúkrun (formaður), Birgir Örn Ólafsson, sérfræðingur í skurðhjúkrun, Elín Jónsdóttir, aðstoðardeildarstjóri á vöknun, Guðrún Jónsdóttir, sérfræðingur í gjörgæsluhjúkrun, Margrét Marín Arnardóttir, sérfræðingur í hjúkrun, Ólöf Sigurborg Sigurðardóttir, svæfingahjúkrunarfræðingur, Ragnheiður Jónsdóttir, sérfræðingur í skurðhjúkrun, dr. Rannveig Jóna Jónasdóttir, forstöðumaður fræðasviðs í gjörgæsluhjúkrun og Þórdís Borgþórsdóttir, sérfræðingur í hjúkrun.

Fagráð í hjúkrun aðgerðasjúklinga

Sérfræðingar í hjúkrun innan fagráðs í hjúkrun aðgerðasjúklinga eru nú níu. Þar af eru fjórir í stöðu sérfræðings, þrír í stjórnendastöðu og tveir hafa lokið sérfræðingsnámi og bíða eftir stöðuveitingu. Þrír hjúkrunarfræðingar eru í sérfræðingsnámi. Þörf er talin vera fyrir 18 stöðugildi til viðbótar samkvæmt greinagerð frá fagráðinu frá árinu 2021.

Menntun

Fjórir hjúkrunarfræðingar eru í meistaranámi á sviðinu og sjö í diplómanámi í hjúkrun aðgerðasjúklinga við Háskóla Íslands. Vorskóli skurðlækningaþjónustu var haldinn 4. júní fyrir nýráðna hjúkrunarfræðinga, 3. árs hjúkrunarnema og nýútskrifaða að venju. Fræðsludagur fyrir nýráðna sjúkraliða og nema var haldinn 30. maí 2024 og var vel sóttur. Þetta er annað árið sem þessi fræðsla er haldin og henni er ætlað að styrkja og efla nærhjúkrun aðgerðasjúklinga. Vinna er hafin við gerð sameiginlegra hæfniviðmiða sem eiga við flestar eða allar dag/legudeildir á skurðlækningakjarna.

Málþing

Sameiginlegt málþing fagráða hjúkrunar á SKUGG (skurðlækninga-, skurðstofu- og gjörgæsluþjónustu) var haldið 17. nóvember og var það vel sótt en um 100 hjúkrunarfræðingar og sjúkraliðar sóttu málþingið. Stefnt er að sameiginlegu málþingi aftur í haust og undirbúningur þess hafinn með fagráði SGS (skurð og svæfingu, gjörgæslu, vöknun og speglun). Fagráðið tók þátt í sameiginlegu vísindasýningu 12. apríl á Hótel Hilton og var með dagskrá í hálfan dag.

Vísindastarf

Tvær rannsóknir eru í vinnslu hjá fagráðinu. Annars vegar er um að ræða spurningalistakönnun sem lögð var fyrir dagaðgerðasjúklinga á Landspítala og Sjúkrahúsinu á Akureyri. Þeirri

gagnasöfnun er lokið og frumniðurstöður voru kynntar á sameiginlegu vísindapingi í apríl 2024. Hins vegar er rannsókn sem ber heitið: Að hafa sjúklinginn í öndvegi en um er ræða eigindlega rannsókn á mati hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða sem hjúkra aðgerðasjúklingum, á starfsumhverfi sínu og á hjúkrun sjúklinga í því umhverfi.

Sigríður Zoëga er annar ritstjóri hjúkrunarhluta tímaritsins Scandinavian Journal of Pain.

Birtingar

[Margrét Hrönn Svavarsdóttir, Gísli Kort Kristófersson, Erla Kolbrún Svavarsdóttir, Herdís Sveinsdóttir, Hrund Scheving Thorsteinsson, Jóhanna Bernharðsdóttir, Birna Guðrún Flygenring. Áhrif COVID-19 faraldursins á líðan hjúkrunar- og ljósmóðurfræðinemenda og viðhorf þeirra til námsumhverfis í samkomutakmörkunum: eigindleg rannsókn. Tímarit hjúkrunarfræðinga. 2023 Jun;99\(2\):58-67.](#)

Erlingsdóttir HÝ, Ketilsdóttir A, Hendriks JM, Ingadóttir B. Disease-Related Knowledge and Need for Revision of Care for Patients with Atrial Fibrillation: A Cross Sectional Study. Patient Preference and Adherence. 2023;17:2621-2630. [doi: 10.2147/PPA.S428444](#)

Friðriksdóttir N, Ingadóttir B, Skuladottir K, Zoëga S, Gunnarsdóttir S. Supportive Digital Health Service During Cancer Chemotherapy: Single-Arm Before-and-After Feasibility Study. JMIR Formative Research. 2023 des. 22;7:e50550. [doi: 10.2196/50550](#)

Ingadóttir B, Bragadóttir B, Zoëga S, Blöndal K, Jónsdóttir H, Hafsteinsdóttir EJJ. Sense of security during COVID-19 isolation improved with better health literacy - A cross-sectional study. Default journal. 2023 sep.;114:107788. 107788. Epub 2023 maí 5. [doi: 10.1016/j.pec.2023.107788](#)

Ingadóttir B, Jaarsma T, Norland K, Ketilsdóttir A. Sense of Security Mediates the Relationship Between Self-care Behavior and Health Status of Patients With Heart Failure: A Cross-sectional Study. The Journal of cardiovascular nursing. 2023 nóv. 1;38(6):537-545. [doi: 10.1097/JCN.0000000000000981](#)

Koskinen S, Brugnolli A, Fuster-Linares P, Hourican S, Istomina N, Leino-Kilpi H, Löyttyniemi E, Nemcová J, Meyer G, De Oliveira CS, Palese A, Rua M, Salminen L, Sveinsdóttir H, Visiers-Jiménez L, Zeleníková R, Kajander-Unkuri S; ProCompNurse Consortium and the COMPEUnurse Consortium. A successful nursing education promotes newly graduated nurses' job satisfaction one year after graduation: A cross-sectional multi-country study. BMC Nursing. 2023 ágú. 14;22(1):269. 269. [doi: 10.1186/s12912-023-01438-y](#)

Sigurðardóttir VL, Gamble J, Guðmundsdóttir B, Sveinsdóttir H, Gottfreðsdóttir H. Reviewing birth experience following a high-risk pregnancy: A feasibility study. Midwifery. 2023 jan. 1;116:103508. [doi: 10.1016/j.midw.2022.103508](#)

Svavarsdóttir EK, Flygenring BG, Bernharðsdóttir J, Thorsteinsson HS, Svavarsdóttir MH, Kristófersson GK, Sveinsdóttir H. Educational and personal burnout and burnout regarding collaborating with fellow university nursing students during COVID-19 in 2020-2021.

Scandinavian Journal of Caring Sciences. 2023 des.;37(4):1016-1027. Epub 2023 maí 16. [doi: 10.1111/scs.13177](https://doi.org/10.1111/scs.13177)

Svavarsdóttir MH, Halapi EC, Ketilsdóttir A, Ólafsdóttir IV, Ingadóttir B. Changes in disease-related knowledge and educational needs of patients with coronary heart disease over a six-month period between hospital discharge and follow-up. Patient Education and Counseling. 2023 des.;117:107972. 107972. Epub 2023 sep. 6. [doi: 10.1016/j.pec.2023.107972](https://doi.org/10.1016/j.pec.2023.107972)

Svavarsdóttir MH, Ingadóttir B, Oldridge N, Árestedt K. Translation and evaluation of the HeartQoL in patients with coronary heart disease in Iceland. Health and Quality of Life Outcomes. 2023 ágú. 9;21(1):84. 84. doi: 10.1186/s12955-023-02161-7

Thoroddsen A, Rúnarsdóttir ER, Örlygsdóttir B. Description of COVID-19 patients and mapping nursing data to ICNP 2021 reference set in SNOMED CT. International Nursing Review. 2023 Mar;70(1):28-33. [doi: 10.1111/inr.12824](https://doi.org/10.1111/inr.12824).

Styrkir

Vísindasjóður Landspítala: Herdís Sveinsdóttir. Líðan dagaðgerðasjúklinga á Landspítala og Sjúkrahúsinu á Akureyri.

Rannsókn- og vísindasjóður hjúkrunarfræðinga: Líðan nema í hjúkrunar- og ljósmóðurfræði á tímum COVID. Herdís Sveinsdóttir. Lífsgæði og líðan fullorðinna einstaklinga eftir brunaáverka. Brynja Ingadóttir.

Tækjakaupasjóður Háskóla Íslands. Sýndarsjúklingar í Færnisetri. Herdís Sveinsdóttir.

Stjórn fagráðsins skipa Kolbrún Kristiansen sérfræðingur í hjúkrun, formaður, dr. Herdís Sveinsdóttir forstöðumaður fræðasviðs, Ingibjörg Guðmundsdóttir forstöðuhjúkrunarfræðingur dag- og legudeilda SKUGG, Katrín Blöndal sérfræðingur í hjúkrun, Bergrún Benediksdóttir aðstoðardeildarstjóri B6, Hulda Pálsdóttir deildarstjóri 11A og Guðný Einarsdóttir sérfræðingur í hjúkrun á sáramiðstöð. Stjórnin fundar að jafnaði hálfmánaðarlega.

Fagráð hjúkrunarstjórnunar

Fagráð hjúkrunarstjórnunar er vettvangur fyrir hjúkrunardeildarstjóra, sérfræðinga í hjúkrunarstjórnun, hjúkrunarfræðinga og fræðimenn á sviði hjúkrunarstjórnunar til að þróa og efla hjúkrunarstjórnun á Landspítala. Fagráðinu er ætlað að stuðla að velferð og öryggi sjúklinga og starfsmanna, þar sem menntun, sköpun og nýting þekkingar og auðlinda eru grundvöllur umhyggju og fagmennsku.

Síðastliðinn vetur var starfsemi fagráðsins með svipuðu sniði og verið hefur þar sem reglulegir knappar hádegisfundir voru haldnir á Teams þar sem málefni hjúkrunarstjórnunar og forystu voru kynnt og rædd. Fundirnir mælast vel fyrir og verður þeim því haldið áfram á komandi vetri. Málefni sem tekin voru fyrir síðasta vetur lutu að hæfniviðmiðum hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra, fjölskylduhjúkrun, fjölmenningu, verkefnum verkefnastofu og áherslum gæðadeildar. Hádegisfundirnir eru öllum opnir.

Á haustmánuðum var haldinn opinn fræðslufundur með kollegum frá Karólínska sjúkrahúsinu í Stokkhólmi um óframkvæmda hjúkrun. Þær Carolin Nymark yfirmaður þróunar í hjúkrun við hjarta- og æðarþjónustu hjá Karólínska sjúkrahúsinu í Stokkhólmi og Ann-Christin von Vogelsang yfirmaður þróunar í hjúkrun við taugadeilda- og taugaskurðþjónustu við sama sjúkrahús sögðu frá því hvernig *MISSCARE Survey* spurningalistinn um óframkvæmda hjúkrun, er notaður við gæðamat á sjúkrahúsinu með reglulegum mælingum meðal starfsfólks hjúkrunar.

Í viku hjúkrunar, í maí sl., var aðalfundur fagraðsins haldinn ásamt opnum fundi um óvænt atvik í heilbrigðisþjónustu og breytta löggjöf um refsíabýrgð. Yfirskrift fundarins var *Óvænt atvik í heilbrigðisþjónustu – Ný löggjöf, hvað svo?* og var hann haldinn í samstarfi við ERNST Cost verkefnið. Viðfangsefni ERNST verkefnisins eru heilbrigðisstarfsmenn sem annars stigs þolendur alvarlegra atvika og hvet ég lesendur til að kynna sér viðfangsefnið á heimasíðu ERNST <https://cost-ernst.eu/>. Eftirfarandi erindi voru flutt á fundinum, sem var afar vel sóttur.

- *Óvænt atvik í heilbrigðisþjónustu: Stofnanaábyrgð, stjórnendaábyrgð, fagábyrgð* - Sigurbjörg Sigurgeirsdóttir, prófessor í opinberri stjórnsýslu Háskóla Íslands

- *Þýðing lagabreytinga um refsíabýrgð heilbrigðisstofnana á stöðu starfsfólks í heilbrigðisþjónustu* – Anna María Káradóttir, lögfræðingur heilbrigðisráðuneytinu

- *Nemar sem annars stigs þolendur í alvarlegum atvikum - kennsla og þjálfun í hjúkrunar- og læknanámi* – Marta Jóns Hjördísardóttir, hjúkrunarfræðingur Landspítala, meistaranemi Háskóla Íslands

Eftirfarandi tímaritsgreinar birtust á sviði hjúkrunarstjórnunar 2023:

Eyrún Thorstensen, Brynjólfur G Guðrúnar Jónsson, Helga Bragadóttir. Nauðungarlyfjagjafir á geðdeildum Landspítala árin 2014-2018. Læknablaðið. 2023 apr.;109(4):179-185. <https://doi.org/10.17992/lbl.2023.04.738>

Guðríður Ester Geirsdóttir, Kristín Lára Ólafsdóttir, Helga Bragadóttir. Meðferð við lok lífs utan sérhæfðra líknardeilda: Fræðileg samantekt með kögunarsniði. Tímarit hjúkrunarfræðinga. 2023 jún;99(2):68-78. <https://www.hjukrun.is/greinar/me%C3%B0fer%C3%B0-vi%C3%B0-lok-lifs-utan-serh%C3%A6f%C3%B0ra-liknardeilda>

Bragadóttir H, Kalisch BJ, Flygenring BG, Tryggvadóttir GB. The Relationship of Nursing Teamwork and Job Satisfaction in Hospitals. SAGE Open Nursing. 2023 jan. 1;9:23779608231175027. <https://doi.org/10.1177/23779608231175027>

Sulosaari V, Blaževičienė A, Bragadóttir H, Bäckström J, Heikkilä J, Hellesø R, Hopia H, Lenk-Adusoo M, Norlyk A, Urban R. A comparative review of advanced practice nurse programmes in the Nordic and Baltic countries. Nurse Education Today. 2023 ágú.;127:105847. 105847. <https://doi.org/10.1016/j.nedt.2023.105847>

Helga Bragadóttir (2023). COIL lifði þrátt fyrir, eða vegna COVID. *Tímarit Kennslumiðstöðvar Háskóla Íslands*, 10(1), 28-29. https://www.hi.is/frettit/coil_lifdi_thratt_fyrir_eda_vegna_covid

Stjórn fagraðsins: Helga Bragadóttir, forstöðumaður fræðasviðs og formaður fagraðsins, Eygló Ingadóttir, verkefnastjóri skrifstofu framkvæmdastjóra hjúkrunar, Guðrún Árný Guðmundsdóttir,

hjúkrunardeildarstjóri A6, Helga Atladóttir, hjúkrunardeildarstjóri göngu- og samfélagsdeild, Lilja Hildur Hannesdóttir, verkefnastjóri menntadeild, Marta Jóns Hjördísardóttir, talsmaður sjúklinga og formaður fagráðs Landspítala, Sólrún Rúnarsdóttir, hjúkrunardeildarstjóri sjúkrahóteli. Stjórn fundar að öllu jöfnu mánaðarlega yfir vetrarmánuðina.

Fagráð hjúkrunar á lyflækningakjarna

Sameiginlegt fagráð hjúkrunar á lyflækningakjarna var stofnað árið 2021. Sýn fagráðsins er að vera málsvari hjúkrunar, samráðsvettvangur á kjarnanum með gildi Landspítala að leiðarljósi. Innan fagráðsins eru allir deildarstjórar, aðstoðardeildarstjórar, sérfræðingar í hjúkrun og aðrir faglegir leiðtogar, alls 61 hjúkrunarfræðingar.

Fagráðið heldur úti Workplace síðu með 190 meðlimum, þar sem fagráðsfundir verið auglýstir, upptökur settar inn og upplýsingar um ýmis málefni, málþing og önnur fagleg mál sem tengjast starfsemi kjarnans.

Ýmis verkefni hafa komið á borð fagráðsins þennan veturinn, m.a. áframhaldandi vinna við gerð sértækra hæfniviðmiða og málefni tengd hjúkrunarvörubirgðum, lífsmarkamælingum og blóðprufustarfsemi. Sérstök þemu vorannar 2024 voru ákveðin: SBAR, lyfjaöryggi, Eddan, Samskipti. Starfsáætlun fagráðsins er hægt að sjá hér að neðan.

Innan fagráðsins eru tveir sérhæfðir hópar:

Fagráð lungnahjúkrunar, forstöðumaður fræðasviðs: Helga Jónsdóttir, prófessor hjúkrunarfræðideild HÍ.

Faghópur taugahjúkrunar, forstöðumaður fræðasviðs: Marianne Elisabeth Klinke, prófessor hjúkrunarfræðideild HÍ.

Birtingar

[Sjá upplýsingar í Vísindastarf á Landspítala 2023](#)

Mönnun

Tveir nýir sérfræðingar voru ráðnir á tímabilinu, Snædís Jónsdóttir er sérfræðingur í hjúkrun á göngudeild taugasjúkdóma og Rut Gunnarsdóttir er sérfræðingur í hjúkrun á göngudeild lungnasjúkdóma

Málþing / fræðsla

Málþing hjúkrunar á lyflækningakjarna haldið 18. apríl 2024, [sjá dagskrá](#), [og upptöku](#).

Sumarfræðsla fyrir starfsmenn í umönnun sem fagráðið hefur staðið fyrir færðist yfir til menntadeildarinnar og í kjölfarið náði til allra legudeilda spítalans. Fagráðið hafði aðkomu að þeirri vegferð og kom einnig að gerð fræðsluefnis sem var bæði rafrænt og á staðnum. Það voru gleðileg tímamót að fá þetta miðlægt fyrir Landspítalann í heild sinni.

Fræðslufundir

13. september 2023. Opin fundur.

10. október 2023. Kynning á verkefnastofu. Sandra Gestsdóttir.

8. nóvember 2023. Kynning á sjúklinga appinu. Adeline Tracz.

5. desember 2023. Kynning á nýju námsumsjónarkerfi: Eddan. Kristín Salín Þórhallsdóttir.

17. janúar 2024. Atvik/Bráðar meltingafærablæðingar á legudeildum Guðrún Bragadóttir/Íris Gísladóttir.

13. febrúar 2024. Skipurit Landspítala. Már Kristjánsson.

13. mars 2024. Kynning á verkefnastofninum útskriftir. Berglind Ósk Birgisdóttir.

9. apríl 2024. Forstöðu hjúkrunarfræðingar. Gerður Beta Jóhannsdóttir og Ragna María Ragnarsdóttir.

8. maí 2024. Samtal með framkvæmdastjóra hjúkrunar. Ólafur Skúlason.

Stjórn fagraðsins 2023-2024: Berglind Guðrún Chu, sérfræðingur í hjúkrun A7, formaður, Gerður Beta Jóhannsdóttir til des 2023, deildarstjóri og núverandi forstöðuhjúkrunarfræðingur ferlideilda bráða-, lyflækninga- og endurhæfingarþjónustu, Helga Kristín Þorsteinsdóttir, aðstoðardeildarstjóri B2, Íris Gísladóttir, aðstoðardeildarstjóri 12E, Magali Brigitte Mouy, aðstoðardeildarstjóri B7, Ragnheiður Guðmundsdóttir, frá jan 2024, deildarstjóri A3, Sigríður Heimisdóttir, sérfræðingur í hjúkrun A6, Sólveig Jóhanna Haraldsdóttir, aðstoðardeildarstjóri göngudeild taugasjúkdóma. Stjórnarfundir hafa að jafnaði verið hálfsmánaðarlega.

Fagrað í öldrunarhjúkrun

Í fagraði í öldrunarhjúkrun sitja deildarstjórar, sérfræðingar í öldrunarhjúkrun, aðstoðardeildarstjórar og hjúkrunarfræðingar sem eru með meistaraþróf og starfa á öldrunardeildum Landspítala.

Fagrað öldrunarhjúkrunar tók þátt í skipulagningu á ráðstefnunni Dagur öldrunar 2024 sem var haldin í samstarfi við Fagdeild öldrunarhjúkrunarfræðinga innan Fíh og Félag íslenskra öldrunarlækna þann 14. mars 2024. Þema dagsins "Allir vilja lifa lengi en enginn vill verða gamall" vísar til mikilvægis þess að vera með þjónustu á hreyfingu og sníða og þróa hana að þörfum þjónustuþeganna og samfélagsins. Mikil ánægja var með ráðstefnuna sem yfir 180 manns sóttu og var uppselt.

Sérfræðingur í öldrunarhjúkrun tók þátt í þróun og vinnu við BÖR hjúkrunarteymi á bráðamóttöku (bráða-öldrunarhjúkrunar ráðgjöf). Sérfræðingar í öldrunarhjúkrun endurskipulögðu HÖR námskeið (Heimahjúkrunar Öldrunar Ráðgjöf) og leiðbeindu á því ásamt fulltrúa heimahjúkrunar. Vinnuhópur var skipaður um sérhæfð hæfniviðmið í öldrunarhjúkrun og stóð hann fyrir vinnustofu með hjúkrunarfræðingum frá öllum öldrunarlækningadeildum.

Umönnunarnámskeið fyrir starfsmenn í umönnun eru bæði á íslensku og ensku á ytri vef Landspítala og í rafræna námsumsjónakerfinu Edda, og er því aðgengilegt fyrir alla að nota innan Landspítala og utan s.s. aðrar heilbrigðisstofnanir og hjúkrunarheimili. Þetta umönnunarnámskeið inniheldur kennslufni til afnota fyrir hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða sem taka að sér að leiðbeina starfsmönnum í gegnum námskeiðið. Markmið þessa námskeiðs er að undirbúa starfsfólk fyrir starf við umönnun þar sem unnið er undir leiðsögn hjúkrunarfræðinga eða sjúkraliða. Í námskeiðinu fær starfsmaður innsýn í starfið ásamt fræðslu og þjálfun í ákveðnum þáttum sem eru mikilvægir þegar fólki er veitt umönnun. Námskeiðið byggir á upptökum af fyrirlestur, handbók, umræðum við leiðbeinanda, verklegri sýnikennslu og því að framkvæma sjálfur verkið undir leiðsögn.

Umönnunarskólinn er hluti af aðlögun allra nýrra starfsmanna í umönnun á öldrunarlækningadeildum. Hlíf Guðmundsdóttir, sérfræðingur í hjúkrun aldraðra, og Jakobína Rut Daníelsdóttir, diplómasjúkraliði með sérmenntun í öldrunarhjúkrun, halda utan um þetta verkefni.

Átaksverkefni til að efla hjúkrunarmeðferð til að fyrirbyggja byltur, óráð og þrýstingssár er í gangi á öllum öldrunarlækningadeildum.

Hjúkrunarmóttökur fyrir aldraða - minnis, almenn, byltur og greiningamóttaka: Hjúkrunarmóttökur á samfélagsgöngudeild á Landakoti hefur fjölgað og eru í sífelltri þróun og endurskoðun. Fyrirhugað er skoða betur hvernig hægt er að nýta þær betur í samvinnu við bæði bráðamóttöku og útskriftir af deildum. Einnig hvernig nýta má betur þær upplýsingar sem aflað er eins og með RAI mælitæki.

Samvinna við Háskólann á Akureyri: Fyrirhuguð er samvinna minnismóttökunnar á göngudeild Landakoti við Háskólann á Akureyri með móttöku nema sem byrja á verknámi í nýju námi í heilabilunarráðgjöf.

Mönnunarmódel hjúkrunar: Mikið var rætt um mönnunarmódel fyrir öldrunarlækningadeildir á fagráðsfundum. Umræða um hátt hlutfall ófaglærðra á okkar deildum og afleiðingar þess á hjúkrun. Einnig umræða um hátt hlutfall erlendra hjúkrunarfræðinga, og hvernig við aðstoðum við aðlögun og að læra tungumálið.

Ráðið var í stöðu útskriftarhjúkrunarfræðings sem vinnur með deildir L-1 og L-2 til prufu og er mikil ánægja með það.

Í október 2023 var stofnuð 14 rúma sérhæfð mjaðmarbrotaendurhæfing aldraðra á endurhæfingardeild L1 Landakoti í samvinnu við 8 rúma öldrunarbæklunardeild á B6 í Fossvogi fyrir sjúklinga sem eru 67 ára og eldri og hljóta mjaðmabrot og búa í sjálfstæðri búsetu. Verkefninu er ætlað að auka þátt öldrunarhjúkrunar og öldrunalækninga í meðferð þessa sjúklingahóps.

Alþjóðlegt nýsköpunar verkefni BigPicture: Fulltrúar í fagráðinu eru í stýrinesnd alþjóðlegs Evrópuverkefnis sem hlaut 220 milljón króna styrk frá Evrópubandalaginu 2024: Erasmus Alliances for Innovation: Alliances for Education and Enterprises. Meginmarkmið verkefnisins er að þróa nýja námsskrá og nám fyrir hjúkrunarfræðinga til að auka færni þeirra í að framkvæma

heildrænt öldrunarmat. Í verkefninu er gerð greining á þáttum heildræns öldrunarmats um leið og byggt verður á gagnreyndum starfsháttum og nýjungum í náms- og kennsluaðferðum, þar á meðal stafrænum aðferðum. Verkefnið mun forprófa nýju námskrána með yfir 200 nemendum og hjúkrunarfræðingum í þeim 6 löndum sem taka þátt í verkefninu. Samhliða því að efla nýsköpun í kennsluaðferðum leggur verkefnið áherslu á að efla stafræna færni núverandi og framtíðar hjúkrunarfræðinga með því að bjóða námið á miðlægum stafrænum vettvangi. Lönd og háskólar sem taka þátt: Turku University of Applied Sciences TURKU, Finnlandi; Åland University of Applied Sciences, Finnland; Riga Stradins University, Lettlandi; Tallinn Health Care College, Eistlandi; University of Thessaly, Grikklandi; Southwest Finland Hospital District (VARHA), Finnlandi; Nosileia Tora, Grikklandi. Nosileia Tora er heimaþjónustufyrirtæki sem veitir hjúkrunarþjónustu til sjúklinga, aldraðra og/eða einstaklinga með sérþarfir; LudusXR, Danmörku. LudusXR er leikja- og hugbúnaðarþróunarfyrirtæki. Ingibjörg Hjaltadóttir leiðir verkefnið fyrir hönd Íslands en aðrir fulltrúar eru Elfa Þöll Grétarsdóttir, Hlíf Guðmundsdóttir, Sigrún Bjartmarz og Sigrún Sunna Skúladóttir.

Að lifa með áhættu á Alzheimer sjúkdómi: Norrænt rannsóknarsamstarf hófst árið 2023 til að skoða upplifun og líðan einstaklinga og maka við það að fá greiningu um væga vitræna skerðingu með hættu á að fá Alzheimer sjúkdóm. Markmið verkefnisins er að rannsaka hvernig einstaklingurinn sem fær greiningu og fjölskylda hans upplifa greiningarferlið og það að lifa með greiningunni. Lönd sem taka þátt: Ísland, Danmörk, Finnland og Noregur. Ábyrgðarmenn rannsóknarinnar eru: Tarja Välimäki, Finnlandi; Susanne Kristiansen, Danmörku; Hanne Konradsen, Danmörku; Jón Snædal, sérfræðingur í öldrunarlækningum Landspítala; Knut Engedal, Noregi. Aðrir rannsakendur frá Íslandi eru: Helga Atladóttir, hjúkrunarfræðingur og deildarstjóri á Landspítala og Guðlaug Guðmundsdóttir, hjúkrunarfræðingur á Landspítala

Stjórn fagráðsins 2023-2024: Dr. Ingibjörg Hjaltadóttir, sérfræðingur í hjúkrun formaður, Hlíf Guðmundsdóttir, sérfræðingur í hjúkrun, Sigrún Bjartmarz, sérfræðingur í hjúkrun, Sigurdís Ólafsdóttir, deildarstjóri L1 og Sesselja Lind Magnúsdóttir, deildarstjóri L2. Fagráð í öldrunarhjúkrun fundar mánaðarlega yfir vetrarmánuðina og auk þess fundar stjórn fagráðsins einnig mánaðarlega.

Fagráð geðhjúkrunar

Fagráð í geðhjúkrun heldur utan um mánaðarleg fræðsluerindi fyrir hjúkrunarfræðinga og hjúkrunarnema á geðsviði. Fræðsluerindin eru hugsuð til að auka tengingu milli hjúkrunarfræðinga á geðsviði ásamt því að kynna starfsemi, gæðaverkefni og inngríp fyrir sjúklinga og aðstandendur.

Fræðsluerindi 2023 til 2024:

- Október: Hádegiserindi um MegaSEG (Meðferðargeðdeild Geðrofssjúkdóma)
- Nóvember: Hádegiserindi um átröskunarteymi BUGL og umbótaverkefni þeirra
- Desember: Hádegiserindi um matsteymi Laugarássins

- Janúar: Hádegiserindi um tilfinningavanda og DAM
- Febrúar: Hádegiserindi um geðgjörgæsluna - Viðrun eftir atvik umbótaverkefni
- Mars: Hádegiserindi um hlutverk og störf sérfræðinga í geðhjúkrun - Rannveig Þöll Þórsdóttir
- Apríl: Hádegiserindi um hlutverk og störf sérfræðinga í geðhjúkrun - Margrét Eiríksdóttir

Fulltrúi fagráðs hefur átt sæti í miðlægum vinnuhóp fyrir hæfnivið á Landspítala ásamt vinnslu við sérhæfð hæfniviðmið á geðsviði og haldið utan um sérhæft starfsþróunarár hjúkrunarfræðinga á geðsviði.

Fyrsti hópur útskrifaðist úr meistaranámi í klínískri geðhjúkrun á árinu sem er samvinnuverkefni milli Landspítala, Sjúkrahússins á Akureyri, Háskóla Íslands og Háskólans á Akureyri til að efla geðhjúkrun á Íslandi. Fagraðið gerði [kynningamyndband fyrir námið](#) sem var auglýst vorið 2024.

Rannsóknir hjúkrunarfræðinga á geðsviði Landspítala árið 2023-2024:

Áhrif þvingunar á bataupplifun sjúklinga á geðdeildum: Kerfisbundin fræðileg samantekt og nýþemun – Hrafnhildur Benediktsdóttir

Stuðningur eftir ofbeldi í starfi á geðdeild: Skjót samantekt – Guðfinna Betty Hilmarsdóttir

Stutt inngríp fyrir fólk sem notar sjálfsskaða – nýir möguleikar í geðþjónustu: Fræðileg samantekt – Ragnheiður H. Eiríksdóttir Bjarman

Sálræn vanlíðan nemenda í heilbrigðisvísindum: Þversniðsrannsókn – Þórey Rósa Einarsdóttir

Mildi og samkennd: Fræðileg samantekt um áhrif sjálfsmildi á geðheilsu – Guðríður Ringsted

Meðferðaróskir í geðheilbrigðisþjónustu: Rýnihóparannsókn á viðhorfum haghafa – Ína Rós Jóhannesdóttir

Upplifun fólks með geðrof af innlögn á geðdeild: Kerfisbundin fræðileg samantekt á eigindlegum rannsóknum og nýþemamyndun – Bryndís Berg

Staðlað mat á sjálfsvígshættu - Meðferðaráætlun til að tryggja öryggi sjúklinga: Kerfisbundin samþætt heimildasamantekt – Júlía Matthildur Brynjólfssdóttir

NADA nálastungur – Hólmsfríður Margrét Bjarnadóttir, Helga Sif Friðjónsdóttir og Jóhanna Bernharðsdóttir

Rannsóknir tengdar doktorsverkefni Margrétar Eiríksdóttur sérfræðings í geðhjúkrun varðandi þjónustuþarfir alvarlega geðsjúkra Íslendinga

Útskriftir úr meistaranámi í geðhjúkrun:

2023

Faney Viktoría Kristjánsdóttir - Meistaránám í klínískri geðhjúkrun HÍ

Ólafía Daníelsdóttir - Meistaránám í geðhjúkrun HÍ

2024

Hrafnhildur Benediktsdóttir - Meistaránám í klínískri geðhjúkrun HÍ

Guðfinna Betty Hilmarsdóttir - Meistaránám í klínískri geðhjúkrun HÍ

Ragnheiður H. Eiríksdóttir Bjarman - Meistaránám í klínískri geðhjúkrun HÍ

Þórey Rósa Einarsdóttir - Meistaránám í klínískri geðhjúkrun HÍ

Guðríður Ringsted - Meistaránám í klínískri geðhjúkrun HÍ

Ína Rós Jóhannesdóttir - Meistaránám í klínískri geðhjúkrun HÍ

Fagráðið hefur hvatt til þátttöku á ýmsum ráðstefnum á síðasta starfsári. Hjúkrunarfræðingar á geðsviði Landspítala hafa farið á og flutt erindi á ráðstefnum bæði innanlands og erlendis, þar má nefna:

Hjúkrun 2023 haldin í september:

Veggspjald: „Einkenni sjúklunga sem fá meðferð í réttargeðþjónustu og hlutverk hjúkrunarfræðinga í meðferð þeirra: Fræðileg samantekt.“ Iðunn Hekla Heiðarsdóttir.

Vísindadagur geðhjúkrunar haldinn í samvinnu Fagráðs geðhjúkrunar á Landspítala og Háskóla Íslands í nóvember 2023:

Erindi:

Clozapine klíník - Rannveig Þöll Þórsdóttir

Fjölskylduinngrip í DAM-teymi - Ragnheiður H. Eiríksd. Bjarman

App í átröskunarteymi - Sandra Friðriksdóttir og Dagbjört Baldursdóttir

Áhrif starfsánægju á geðdeildum á starfsfólk og gæði þjónustunnar. Kerfisbundin fræðileg samantekt. Fanney Viktoría Kristjánsdóttir og Eydís Kr. Sveinbjarnardóttir.

Að ná stjórn á eigin lífi. Getur fólk með SMI orðið höfundar að eigin bata? Margrét Eiríksdóttir, sérfræðingur í geðhjúkrun

Kerfisbundin hjúkrunarleidd heilsufarsskoðun, innleiðing í geðhvarfateymi Landspítala. Ína Rós Jóhannesdóttir sérnámshjúkrunarfræðingur og Steinunn Ingvarsdóttir, hjúkrunarfræðingur Landspítala

Geðlæknaþing í nóvember 2023, erindi frá Landspítala

- Clozapine klíník - Rannveig Þöll Þórsdóttir
- Nauðungarlyfjagjafir á geðdeildum Landspítalans árin 2014-2018 – Eyrún Thorstensen

Geðdagurinn – Hugum að velferð og grósku í maí 2024. Erindi hjúkrunarfræðinga á geðsviði

- Meðferðaróskir til notkunar í geðheilbrigðisþjónustu – Ína Rós Jóhannesdóttir, sérnámshjúkrunarfræðingur í klínískri geðhjúkrun.

- Clozapine klíník – Rannveig Þöll Þórsdóttir, sérfræðingur í geðhjúkrun.
- Stutt inngrip fyrir fólk sem stundar sjálfsskaða – nýir möguleikar í þjónustu – Ragnheiður H. Eiríksd. Bjarman, sérnámshjúkrunarfræðingur í klínískri geðhjúkrun.
- Geðhjúkrunarfræðilegur stuðningur og fræðsla fyrir aðstandendur fólks sem tekst á við alvarlega eða langvinna geðsjúkróma (SMI). Umbótaverkefni – Margrét Eiríksdóttir, sérfræðingur í geðhjúkrun
- Horatio – Evrópsk geðhjúkrunarráðstefna í maí 2024
- Implementation of an evidence-based family intervention at Landspítali's DBT-team – Ragnheiður H. Eiríksd. Bjarman

Fagráð geðhjúkrunar samanstendur af Fanneyju V. Kristjánsdóttur, hjúkrunarfræðingur í sérnámi (formaður), Söndru Sif Gunnarsdóttur, hjúkrunardeildarstjóra, Rannveigu Þöll Þórsdóttur, sérfræðingi í hjúkrun, Guðfinnu Betty Hilmarsdóttur, hjúkrunardeildarstjóra, Sigurveigu S. Mýrdal, forstöðuhjúkrunarfræðingi, Ragnheiði H. Eiríksdóttur, aðstoðardeildarstjóra,ínu Rós Jóhannesdóttur, hjúkrunarfræðingi og Eydísi Kr. Sveinbjarnardóttur, prófessors og forstöðumanns fræðasviðs. Sandra Sif og Rannveig Þöll eru sérstaklega skipaðar í stjórn fagráðsins.

Fagráð fjölskylduhjúkrunar

Fagráðsfundir í fagráði fjölskylduhjúkrunar eru haldnir reglulega en stjórnarfundir milli fagráðsfunda. Í janúar 2024 var haldið málþing á vegum fagráðsins: “*Stuðningur við fjölskyldur*” þar sem rannsóknarniðurstöður á rannsóknum fagráðsmeðlima voru kynntar auk þess sem pallborðsumræður voru í lokin, sjá [dagskrá hér](#).

Fagráð í fjölskylduhjúkrun á Landspítala hefur unnið að því undanfarið að þróa sýn og stefnu fjölskylduhjúkrunar auk þess að þróa árangursvísa en fagráðið vinnur þvert á allar einingar Landspítala. Unnið hefur verið að gerð verkefnaáætlunar um það hvernig fagráðsmenn geti stutt við þróun fjölskylduhjúkrunar á Landspítala. Fagráðið sendi frá sér á árinu tillögu að endurbótum á miðlægum hæfniviðmiðum fjölskylduhjúkrunar. Tillagan var send til stýrinefndar miðlægra hæfniviðmiða Landspítala.

Nokkur meðferðarrannsóknarverkefni í fjölskylduhjúkrun eru í gangi á Landspítala s.s. innan barna-og kvennasviðs. Einnig er langtímarannsókn í gangi varðandi lífsgæði krabbameinssjúklinga og fjölskyldna þeirra. Meðlimir fagráðsins eru leiðandi í alþjóðlegu rannsóknarverkefni varðandi aðlögun fjölskyldna barna-og unglunga að heilsufarsvanda barnanna. Þátttakendur koma frá Danmörku, Finnlandi, Spáni, Portúgal auk Íslands. Meðlimur fagráðsins er í nánú rannsóknarsamstarfi með evrópskum rannsókendum í fjölskylduhjúkrun frá Sviss, Spáni, Hollandi og Danmörku. Einnig hafa sérfræðingar í hjúkrun á kvenna-og barnasviði unnið að sértækum meðferðarrannsóknum í samráði við meðlimi fagráðsins t.d. varðandi stuðning foreldra við heilbrigðar svefnvenjur ungbarna auk meðferðarrannsóknar á stuðningi við foreldra barna með meltingarfæravanda. Sama er að segja varðandi rannsóknarverkefni

sérfræðinga í hjúkrun á kvenna-og barnasviði varðandi langvarandi stuðningi við fjölskyldur barna og unglunga með sykursýki, krabbamein, flogaveiki og gigt.

Birtar hafa verið greinar í alþjóðleg vísindatímarit upp úr þeim rannsóknum sem fagráðsmenn hafa komið að.

Fagráðið hefur unnið að gerð rafræns kennsluefnis fyrir fjölskylduhjúkrun og hafa nokkrar deildir nú þegar tekið þau námskeið. Gert er ráð fyrir handleiðslu fyrir þátttakendur

Í stjórn fagráðsins sitja dr. Erla Kolbrún Svavarsdóttir, formaður fagráðsins, Kristín Björg Flygenring, sérfræðingur í hjúkrun , Guðríður Kristín Þórðardóttir, sérfræðingur í hjúkrun, Sigrún Sunna Skúladóttir, lektor og Hlíf Guðmundsdóttir, sérfræðingur í hjúkrun.